

LÍFSHÆTTULEG ÁTÖK Í GRAFARVOGI

■ Blóð lak úr augum árársmannsins

15. FEBRÚAR 2019 / 7. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

Eurovision-stjörnur sem hurfu

DRÖM

GIFTA SIG Á ÁRINU

Aron Leví Beck

KYNTTIST FÖÐUR SÍNUM OG SYSTKINUM Í JARÐARFÖR

■ Rangfeðraður í átján ár ■ Stefnir á framtíð í stjórnámálum
■ Greindur með ADHD í æsku

„Við vorum grunlaus“

■ Dóttir Sædísar misnotuð af dæmdum barnaníðingi

BARNSHAFANDI MYRT Í BÁRÐARDAL

■ Fargaði sér í fangaklefanum

Elli Grill svalt í þrjá mánuði

■ Borðaði hollenskan trjáfrosk

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR

Hyrrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Ég hef skemmt mér
helvíti vel og notið hverrar
mínútu.“

– Bandaríski leikarinn Errol Flynn
(1909–1959)

Á þessum degi, 15. febrúar



1764 – Borgin St. Louis er stofnuð í
Spánsku Louisiana (nú Missouri) að
undirlagi Pierre LaCledde.



1923 – Grikkland innleiðir, síðast
Evrópuríkja, gregoríska tímatalið, kennt
við Gregorius páfa XIII.



1925 – Seinni sleðaleiðangur með líf-
naudsynleg lyf kemur til bæjarins Nome
í Alaska. Keppt var við tímamann og eina
leiðin var að nota hundasleða. Um var
að ræða yfir 1.000 kílómetra vegalengd,
í illviðri og nístingskulda. Um mikið afrek
var að ræða.



1992 – Raðmordinginn Jeffrey Dahmer
fær lífstíðardóm.



2013 – Vígahnöttur springur yfir Úral-
svæðinu í Rússlandi. Höggbylgjan er
svo öflug að um 1.500 manns slasast.



Maður í lífshættu eftir átök við strætóskýli í Grafarvoggi

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Á þriðjudagseftirmiðdag átti óhugnanlegt atvik sér stað við Borgarholtsskóla þegar átök tveggja manna leiddu til þess að annar þeirra hlaut lífshættulega höfuðáverka. Í tilkynningu lögreglu kom fram að mennirnir hafi slegist, en enginn hafi verið handtekinn vegna málsins. Þórlaug Sigfúsdóttir var á vettvangi þegar harmleikurinn átti sér stað. Að hennar sögn var annar maðurinn að koma henni til bjargar þegar maður, sem var í verulegu ójafnvægi, gerði sig líklegan til þess að ráðast á hana. Afleiðingarnar urðu þær að árársarmaðurinn hlaut lífshættulega áverka. „Í fréttum var gefið í skyn að mennirnir hafi verið að slást en það var fjarri lagi. Annar maðurinn var að bjarga mér,“ segir Þórlaug.

Atvikíð átti sér stað við strætóskýli við Skólaveg í Grafarvoggi. Þórlaug var nýkomin úr strætó þegar ókunnugur maður gekk að henni

og virtist í árársarhug. „Ég þekkti þennan mann ekkert, en ég sá strax að hann var ekki í jafnvægi. Hann var með hnefann á lofti og því tók ég sveig framhjá honum,“ segir Þórlaug. Þegar hún leit við sá hún að maðurinn var að elta hana. „Þá byrjaði ég að hlaupa,“ segir Þórlaug.

Hún hljóp framhjá strætóskýlinu við Skólaveg og þar voru nokkrir einstaklingar staddir, meðal annars maður sem hún kannast lítilega við úr hverfinu. „Hann steig þá fram og spurði hvað mannum, sem var að elta mig, gengi til. Þá réðst maðurinn á hann og kyldi hann nokkrum sinnum í magann,“ segir Þórlaug. Bjargvættur hennar hefði eðli málsins samkvæmt reynt að verja sig og þá sparkað mannum frá sér. „Þetta var ekki mikið högg en varð til þess að árársarmaðurinn datt eins og trédrumbur til jarðar. Hann gerði enga tilraun til þess að bera hendur fyrir höfuðið sér, heldur skall bara með höfuðið í gangstéttina,“ segir Þórlaug.

„Okkur var verulega brugðið þegar blóð fór að leka úr augum hans“

Hún segir að lögreglu hafi þegar verið gert viðvart og fljótlega komu lögreglubíll og sjúkrabíll á vettvang. „Þennan tíma lá maðurinn hreyfingarlaus í jörðinni. Við fórum að huga að honum, en okkur var verulega brugðið þegar blóð fór að leka úr augum hans,“ segir Þórlaug. Hún segir að þau hefðu ekki þorað að færa manninn til af ötta við að gera illt verra. „Þegar alvarleiki áverkanna kom í ljós var annar sjúkrabíll kominn á vettvang. Þegar þeir voru að koma árársarmanninum inn í bílinn þá byrjaði hann að froðufella. Það var afar óhuggu-

legt,“ segir Þórlaug.

Hún segir að atburðarásin hafi fengið mjög á hana og bjargvætt hennar. „Þetta var hrikaleg upplifun. Við vorum gjör-samlega miður okkar. Ég get ekki sagt til um það hvort þessi maður hafi verið undir áhrifum, en hann var augljóslega mjög veikur,“ segir Þórlaug. Árársarmaðurinn lá meðvitundarlaus á gjörgæslu í rúman sólarhring. Hann komst svo til meðvitundar í gærmorgun, fimmtudag, og var fluttur á almenna deild. ■

5 sem þurfa að lækka í launum

Launamál æðstu stjórnenda landsins eru mál mála-anna í dag. Ástæðan er mikil launahækkun Lilju Bjarkar Einarisdóttur, bankastjóra Landsbankans, á síðasta ári sem var sem sprengja inn í yfirstandandi kjarasamninga-viðræður. Á meðan lækkaði Birna Einarisdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, í launum. Það var aðdáunarverður blekkingaleikur af hálfu bankastýrinnar því Birna er á hærri launum en Lilja Björk þrátt fyrir lækkinguna. DV tók saman fimm aðra stjórnendur sem þurfa að lækka í launum.

Ingimundur Sigurpálsson

Forstjóri Íslandspóstss Fyrirtækið glímir við rekstrarvanda og þá eiga æðstu stjórnendur að sýna ábyrgð í verki. Þrátt fyrir það hafa laun forstjórans verið á miklu skriði upp á við og eru rúmlega 1,7 milljónir króna á mánuði í dag. Að auki fær Ingimundur lúxusbíl til afnota.



Davíð Oddsson

Ritstjóri Morgunblaðsins Davíð ber höfuðábyrgð á „eftirlaunaósómanum“ svokallaða þar sem eftirlaun helstu ráðamanna þjóðarinnar voru hækkuð í skyndi árið 2003. Nú makar Davíð krókinn í Hádegismóum, með tæpar 6 milljónir króna í mánaðarlaun, og skrifar nafnlausar niðgreinar þegar honum hentar.

Gunnar Einarsson

Bæjarstjóri Garðabæjar

Það færi vel á því að launahæsti bæjarstjóri landsins sýndi gott fordæmi í miðjum kjarasamningum og lækkaði laun sín. Gunnar var með 2,7 milljónir króna í fyrra sem er í engu samhengi við umfang rekstrar bæjarfélagsins. Að sjálfsögðu er hann síðan með glæsiskerri til eigin afnota.




Svanhildur Konráðsdóttir

Forstjóri Hörpu Allt varð vitlaust í maí í fyrra þegar lækka átti laun þjónustufulltrúa í Hörpu en í ljós kom að forstjórinn var með laun sem voru hærri en kjararáð hafði úrskurðað um. Til að halda starfi sínu fór Svanhildur fram á að laun hennar yrðu einnig lækkuð. Betur má ef duga skal.

Inga Sæland

Alþingiskona Árslaun Ingu í fyrra voru 20 milljónir króna eða 1,66 milljónir á mánuði. Rúmlega 13,2 milljónir í þingfarar-kaup og síðan 6,6 milljónir í álag því hún er formaður flokksins. Margir eru þeirrar skoðunar að laun og frídindi alþingismanna séu of mikil og því mættu Inga og kollegar hennar lækka í launum.





10 BLAÐALJÓSMYNDAVEÐLAUN




7 TILNEFNINGAR TIL BLAÐAMANNAVERÐLAUNA



2 BLAÐAMANNAVERÐLAUN



1 VEFVERÐLAUN



*Tilnefningar fyrir árin 2015-2017

FYRIR TILSTYRK ALMENNINGS Í 4 ÁR

Almenningur hefur viðhaldið **Stundinni** með áskriftum og styrkjum frá febrúar 2015.

Stundin var stofnuð með hóp fjármögnun og er óháð hagsmunablokkum.

Með því að kaupa áskrift styrkir þú sjálfstæða rannsóknarblaðamensku.

STUNDIN

STENDUR MED PÉR

STUNDIN.IS/ASKRIFT - SÍMI: 415 2000

Hver er hann?



■ Er í hljómsveitinni Lady & Bird

■ Lét móta stytta af sér sem sýnd er í Rokksafni Íslands

■ Skrifaði handritið að erótísku þáttunum Leynardómar skýrslu-málastofnunar

■ Hlaut Edduna árið 2009 fyrir bestu tónlist

■ Samdi lag fyrir Söngvakeppnina árið 2019

SVAR: BARDI JOHANSSON

Það er staðreynd að...



Í maga hrægemma er svo mikil sýra að þeir geta leyst upp nagla á tveimur mínútum.



Hægt er að koma 51.000 manns fyrir á fótboltavelli.



Síld er algengasti fiskurinn á íslenskum miðum og í heimnum öllum.



Á nordanverðum Vestfjörðum er elsta berg sem fundist hefur á landinu. Það er um 16 milljóna ára gamalt.



Frumur líkamans byrja að deyja við 41 gráðu hita.



LÍKAMSÁRÁS FRAMKVÆMDASTJÓRA FYRND VEGNA SEINAGANGS LÖGREGLU

Seinagangur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu varð til þess að meint hegningarlagaþrot framkvæmdastjóra hjá Vegagerðinni fyrntist. Framkvæmdastjórinn, Sigurður Áss Grétarsson, var ákærður fyrir líkamsárás á dyravörð á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur. Þegar taka átti málið fyrir í héraðsdómi kom í ljós að hið meinta brot var fyrnt og því var málinu vísað frá. Skömmu síðar var tilkynnt um að Sigurður Áss væri kominn í leyfi frá Vegagerðinni vegna samskiptavanda. Sigurður Áss hefur starf að sem framkvæmdastjóri siglingasviðs hjá Vegagerðinni. Hann hefur meðal annars látið mikið að sér kveða í málefnum Landeyjahafnar og smíði nýs Herjólfss sem

þjóna mun Vestmannaeyingum um ókomna framtíð.

Fór fram á um 800 þúsund krónur í bætur

Hin meinta árás framkvæmdastjórans átti sér stað laugardaginn 27. ágúst 2016 fyrir utan Kalda bar við Laugaveg 20b. Samkvæmt ákæru á Sigurður Áss að hafa slegið dyravörð staðarins hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut tvö sár og marbletti á innanverðri efri vör, sár á innanverðri neðri vör og bólgu í efri og neðri vör. Þá kvarnaðist upp úr framtönu auk þess sem dyravörðurinn fann fyrir eymslum við tennur í efri gómi. Hið meinta brot var talið hafa varðað 217. grein almennra hegningarlaga og er skilgreint

sem væg líkamsárás. Auk refsingar fór dyravörðurinn fram á að Sigurði Áss yrði gert að greiða honum 789.100 krónur með vöxtum í miska- og skaðabætur.

Handtekinn á vettvangi

Samkvæmt heimildum DV var framkvæmdastjórinn handtekinn á vettvangi og voru vitni að árásinni. Því hefði mátt gera ráð fyrir að rannsókn málsins væri ekki umfangsmikil og hefði átt greiða leið í réttarkerfinu. Sú reyndist ekki raunin. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út ákæru í málinu þann 20. desember 2018 og tæpum mánuði síðar, þann 16. janúar 2019, var málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá voru meira en tvö ár liðin frá því að hin meinta árás átti sér stað og því var málið fyrnt.

Vegagerðin tjáir sig ekki

Þann 8. febrúar birti Vísis frétt um að að Sigurður Áss væri kominn í leyfi frá störfum sínum hjá Vegagerðinni. Í fréttinni kom fram að málið tengdist samskiptavanda innan stofnunarinnar sem hefði verið til skoðunar, meðal annars með liðsinni utanaðkomandi sérfræðinga. Þá kom fram að ekki væri fyrirhugað að Sigurður Áss yrði lengi frá störfum. DV hafði samband við G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar, og spurði hann hvort ákæran á hendur framkvæmdastjórnum tengdist leyfi hans frá störfum. G. Pétur kvæðst ekki geta tjáð sig um það. ■

Úrkynjuð bjórmennning



Svarthöfði

Í vikunni var sagt frá því í fréttum að Guðlaugur utanríkisráðherra hefði skellt sér í bjórbað með finnskum kollega sínum. Að sjálfsögðu fékk ríkið reikninginn, nema hvað! Svarthöfði veltir því hins vegar fyrir sér hvort það sé ekki bara betra að hafa þá aðeins íd. Samskipti ríkjanna væru kannski yfirhöfuð friðsamlegri og rólegri ef þeir sem stjórna væru alltaf góðgláðir eða jafnvel rænulusir.

Erindi þessa pistils er ekki að kvarta yfir busli Gulla og Finnans, heldur þeim dekadens sem bjórinn er orðinn. Ekki misskilja Svarthöfða, hann fagnaði manna mest þegar bjórbanninu var aflétt. Svarthöfði drekkur jafnan fjórar til fimm dósir á hverju kvöldi.

Fyrstu árin og áratugina var bjórneysla Íslendinga eðlileg. Við fluttum inn Becks, Löwenbrau, Tuborg og aðrar strangheiðarlegar tegundir. Prins Christian í litlum, dökkum flöskum, namm.

Íslensku framleiðendurnir stóðu sig einnig með þryði, Egils og sérstaklega Víking, þó að Svarthöfða sé yfirleitt meinilla við að hæla Akureyringum.

En svo gerðist eitthvað. Íslendingar fóru út af sporinu, eins og alltaf. Þetta byrjaði með Kalda í Eyjafirði. Svo spruttu brugghúsinn upp eins og gorkúlur í hverri sveit. Fjandans craft-bjórinn. Handverksbjór ... hvers lags bjór er það? Þetta varð að tiskubylgju en angaði af tilgerð. Erlendir craft-bjórar voru einnig fluttir inn, rándýrir og bragðvondir.

Í kringum þetta hefur skapast stéttaskipting. Enginn er maður með mönnum nema hann drekki graskersbjór frá einhverri kompu í Borgarfirðinum eða nýjasta IPA-glundrið frá Bretlandi. Tilraunastarfsemin er alveg komin út í ruglið. Öll munum við eftir þorra-bjórnum með þarmainnihaldi hvala. Lesist á íslensku: Kúk! Þeir sem ekki eru tilbúnir að taka þátt í brjálaðinu og vilja áfram drekka sinn Carlsberg eru smánaðir og hæddir. Þeir eru hvorki hip né kúl.



Margir neyða craft-bjórinn ofan í sig til að þykjast vera það en aðrir þora ekki út á meðal fólks og drekka því í laumi.

Svarthöfði rambaði nýlega inn á flottan hótellbar nálægt miðbæ Reykjavíkur. Þar var ekkert hægt að fá nema IPA og annað fineri, á uppsprengdu verði. Á veitingahúsi sem Svarthöfði snæddi á var allt gert úr bjór. Bjórkjúklingur, bjórbrauð, bjórsinnep og meira að segja bjórís. Í búðargluggum hefur Svarthöfði séð sápur og

snýrtivörur úr bjór. Þetta er orðið að úrkynjun á pari við það sem tölkaðist í Rómaveldi. Við munum öll hvernig fór fyrir því.

Við þurfum þjóðarvakningu um hvað sé að gerast í bjórmálum þjóðarinnar svo við fljóttum ekki sofandi að feigðarósi í indverskum lakkrísbjór. Þróuninni þarf að snúa við hið snarasta til þess að komandi kynslóðir geti alist upp í stéttlausri framtíð. Bregðum Tuborg á loft og verum stolt. ■

ARC-TIC ICELAND



ARMBANDS ÚR FYRIR DÖMUR OG HERRA

ARC-TIC
RETRO

VERÐ FRÁ:

29.900,-



GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

www.gilbert.is

ÍSLENSK HÖNNUN


Tónlistarfólkið sem leikur í Ófærð

Nú líður senn að leiðarlokum annarrar þáttaraðarinnar af **Ófærð** og spennan er farin að magnast. Rjóminn af helstu leikurum þjóðarinnar fer með burðarhlutverk í þáttunum en inni á milli eru óþekktir leikarar sem þó leika ekki síður veigamikil hlutverk. Á dögunum tók DV saman leikarabörnin í Ófærð en núna er komið að „óþekktu leikurunum“.



Þorgeir Tryggvason

Eitt mikilvægasta atriði sjónvarpsþáttaraðarinnar á sér stað strax á fyrstu mínútum fyrsta þáttar þegar bóndinn Gísli kveikir í sjálfum sér fyrir framan Alþingishúsið. Gísli er leikinn af Þorgeiri Tryggvasyni sem getið hefur sér gott orð sem leikskáld, Ljótur hálfviti og álitsgjafi varðandi allt sem tengist menningu og listum. Þegar Þorgeir, eða Toggi, er ekki að gera eitthvað sjóðheitt tengt listinni þá starfar hann sem hugmynda- og textasmiður á auglýsingastofunni Hvíta húsinu. DV hefur ekki upplýsingar um hvort Toggi muni halda áfram að spreyta sig á hvíta tjalduinu eða hvort ferill hans sé orðinn brunarústir einar.



Íris Hólm Jónsdóttir

Íris leikur veigamikið hlutverk hárgreiðslukonunnar Hönnu Stínu sem er ekki öll þar sem hún er séð. Íris hefur getið sér gott orð sem söngkona undanfarin ár. Hún kvað sér fyrst hljóðs í sjónvarpsþáttunum X-factor og í kjölfarið opnuðust henni margar dyr sem söngkona. Í ár syngur hún bakraddir í lagi Ívars Daníels „Þú bætir mig“ í undankeppni Eurovision hérlendis. Á þeim vettvangi hefur Íris mikla reynslu en hún söng meðal annar bakradd hjá Mariu Ólafs í Austurríki árið 2015. Íris venti sínu kvæði í kross árið 2015 og fluttist til New York þar sem hún lærði leiklist við skólann Circle in the Square Theatre. Íslenskir sjónvarps- og kvikmyndaunnendur munu því eflaust sjá meira af Írisi í framtíðinni.



JóiPé og Króli

Búast má við því að æska landsins hafi hrópað upp yfir sig af hrifningu þegar rappararnir Jói Pé (Jóhannes Damian Patreksson) og Króli (Kristinn Óli Haraldsson) birtust skyndilega sem ofbeldisfullir unglingar í áttunda þætti þáttaraðarinnar. Það hefði sennilega orðið raunin ef börn mættu horfa á Ófærð. Króli hafði sig mest í frammi í atriðinu enda er hann þrautreyndur leikari þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur meðal annars stigið á svið í verkunum Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur og Fjalla-Eyvindi og Höllu í Þjóðleikhúsinu. Þá lék hann í kvikmyndinni Bjarnfreðarson þegar hann var aðeins 10 ára gamall. JóiPé var síðan svalur í bakgrunni senunnar.



Ágúst Bent Sigbertsson

Rapparinn og leikstjórinn Bent er vanur maður beggja vegna myndavélanna. Samkvæmt bestu vitund DV er þetta þó í fyrsta skipti sem hann er hvorki að rappa né grínast fyrir framman linsuna. Bent lætur ljós sitt skína í þriðju seríu þáttaraðarinnar sem vinnumaðurinn Elliði en hann veitir lögreglukonunni Hinriku upplýsingar sem reynast mikilvægar í lögreglurannsókninni.



Elva María Birgisdóttir

Elva María fer með mun stærra hlutverk í annarri þáttaröðinni sem Þórhildur, dóttir rannsóknarlögreglumannsins Andra. Elva María lék einnig Þórhildi í fyrri þáttaröðinni en þá deildi hún hlutverkinu með annarri leikkonu. Elva María sló í gegn í sjónvarpsþáttaröðinni Ísland got Talent árið 2014, þá aðeins ellefu ára gömul, en hún söng sig inn í úrslitabáttinn. Þá hefur hún stigið á svið í ófáum leikritum og fór með stórt hlutverk í kvikmyndinni Grafir og bein um árið.

SKILTAGERÐ

**Ljósakassar
Ljósaskilti
3D stafr**

**Hönnun
Ráðgjöf
Uppsetning**

**Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is**

X-Prent
HÖNNUN OG MERKINGAR



Sjáðu úrvalið á goddi.is
Sauna- og gistitunnur

GODDI.IS
AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

SÁTU FYRIR NÍÐINGI DÓTTUR SINNAR

Erfitt að vita af honum úti í samfélaginu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ég hef of velt fyrir mér hvað væri hægt að gera við svona menn. Hef oft séð fólk koma með alls konar yfirlýsingar eins og að það myndi stúta þeim sem gerði eitthvað við þeirra börn. Það er mjög auðvelt að segja svona þegar fólk hefur ekki lent í þessum aðstæðum," segir Sædís Hrönn Samúelsdóttir, móðir stúlku sem varð fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu fjölskylduvinnar frá 4 ára til 6 ára aldurs. Gerandinn hafði áður hlotið dóm fyrir að kynferðisbrot.

„Eldri dóttir mín var misnotuð af vini og skipsfélaga þáverandi mannsins míns. Hann kom inn í líf okkar á erfiðum tíma og við þökkudum guði fyrir þennan engil í mannsmynd sem okkur hafði verið sendur því hann var svo hjálpsamur og tilbúinn að gera margt til þess að hjálpa okkur. Við vorum grunlaus um að hann hefði aðrar ástæður fyrir hjálpsæminni," segir Sædís.

Nokkrum dögum fyrir 6 ára afmæli dóttur Sædísar kom í ljós að maðurinn hafði verið að misnota nokkrar barnungar stelpur.

„Hann endaði svo með að fá dóm fyrir að misnota þrjár af þessum stelpum og dóttir mín var ein af þeim. Hann hlaut fimmtán mánaða dóm fyrir það sem hann sjálfur viðurkenndi að hafa gert þeim. Okkur var sagt á sínum tíma að þegar svona menn viðurkenndu að þeir



gerðu börnum eitthvað, þá væri það til að sleppa auðveldlega og að þeir viðurkenndu bara lítið brot af því sem þeir raunverulega hefðu gert.“

Meðan á dómferlinu stóð kom upp úr kraftinu að maðurinn hafði áður hljótið dóm fyrir hrottalegt kynferðisbrot. Þolandiinn í því máli var þroskaskert stúlka sem var búsett í heimabæ hans. „Okkur fannst mjög erfitt að komast að þessu og við urðum mjög reið. Við hugsuðum um að ef við hefðum vitað af þessum dómi þá hefðum við að sjálfsögðu aldrei leyft honum að koma nálægt börnunum okkar," segir Sædís jafnframt.

Eftir að maðurinn losnaði úr fangelsi áttu Sædís og þáverandi eiginnmaður hennar, og foreldrar hinna þolendanna, erfitt með að vita af honum úti í samfélaginu.

Telur vönun ekki duga

„Við, og nokkrir aðrir foreldrar, vöktuðum hann í mörg ár og sátum fyrir honum. Við hringdum


Við hringdum í foreldra barna sem við fréttum að hann væri að umgangast

í foreldra barna sem við fréttum að hann væri að umgangast. Við urðum létt geðveik.“

Verandi foreldri barns sem hefur orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, hvað finnst þér að eigi að gera við þessa einstaklinga? Eigum við að læsa þá inni að eilífu eða eigum við að veita þeim meðferð og leyfa þeim að vera úti í samfélaginu?

„Það myndi, held ég, lítið stóða að vana þá, því ég held að þetta sé að mestu leyti í hausnum á þeim. Þeir gætu vel haldið uppteknum hætti. Talaði Kári Stefánsson ekki um að það þyrfti að brennimerkja þá? Ég held að einhvers konar opinbert eftirlit og skrásetning myndi örugglega vera af hinu góða, alla vega hvað varðar raðniðinga.“ ■

Anna Kristín Newton. Ljósmynd/Skjáskot Youtube.



VITUM AÐ 100 PRÓSENT ÖRYGGI ER EKKI TIL

Sálfræðingurinn Anna Kristín Newton veitir barnaníðingum meðferð

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Anna Kristín Newton sálfræðingur hefur meðal annars veitt dæmdu barnaníðingum meðferð á Litla-Hrauni og sinnt einstaklingum sem leita sér aðstoðar vegna óviðeigandi kynferðislegra hugsana og hegðunar. Hún segir miklu máli skipta hvernig rætt er um brot af þessum toga og þau úrræði sem kunna að gagnast. „Virðing fyrir þeim sem að þessum málum koma er lykilatriði í mínum huga. Þá vitum við að einstaklingar sem brjóta gegn börnum eru misleitir hópur og erfitt að leggja hreinar línur í þessum efnun, með tilliti til hvort og þá hvers konar inngríp dregur úr líkum á frekari brotum.

„Almennt aðhyllist ég ekki að fólk sé haldið ótímabundið inni á stofnunum fyrir „hugsanleg“ brot, en ég get haft skilning á því að undir sumum kringumstæðum sé það nauðsynlegt. Rannsóknir hafa sýnt að einstaklingar sem er haldið inni á þeim forsendum að þeir kunni að vera hættulegir eru oft á tíðum ranglega metnir. Ég hef meiri trú á að hægt sé í mörgum, þó kannski ekki öllum, tilvikum að mæta þeim með öðruvísi aðhaldi sem heldur þeim og öðrum öruggum. En við vitum að 100 prósent öryggi er ekki til. Stuðningur, aðhald og eftirlit er almennt fýsilegri kostur.“

Margir hafa einnig kynferðislegar langanir til fullorðinna

Anna Kristín bendir á að barna-

girnd sé í eðli sínu talin til hneigðar og því erfitt að ætla að lækna hana.

„En það skal tekið fram að það er ekki samasemmerki á milli þess að vera með barnagirnd og þess að brjóta gegn barni – við höfum dæmi þess og rannsóknir leiða líkur að því, að mun fleiri hafa kenndir til barna en við héldum, og að það er ekki hægt að sjá að allir þeir einstaklingar séu hættulegir, það er að segja að þeir brjóti gegn öðrum. Ég vil taka fram að þetta er stór og mikil umræða. Þá má einnig hafa í huga, þegar við erum að tala um þá sem brjóta kynferðislega gegn börnum, að þeir eru haldnir mismikilli barnagirnd.

Margir ef ekki flestir sem brjóta gegn börnum hafa líka kynferðislegar langanir til fullorðinna. Í mínum huga, og annarra held ég sem vinna á þessu sviði, eru þeir ekki allir jafn hættulegir. Rannsóknir benda til að um það bil 30 prósent kynferðisbrotamanna hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun sem börn.

En ég vil taka það sérstaklega fram að það er ekki samasemmerki þarna á milli þeirra ungmenna sem verða fyrir misnotkun og þess að verða kynferðisbrotamaður seinna meir. Þá er heldur ekki samasemmerki á milli þess að sýna af sér skaðlega kynhegðun á unglingsárum og þess að verða kynferðisbrotamaður á fullorðinsárum.“ ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



Helgi Gunnlaugsson.

Deild eingöngu fyrir hættulega kynferðisbrotamenn býður upp á þá hættu að hópurinn lokist af í eigin veröld

„GERENDUR SNÚA AFTUR Í SAMFÉLAGIÐ HVORT SEM OKKUR LÍKAR BETUR EÐA VERR“

Telur opinbera skráningu kynferðisbrotamanna veita falskt öryggi

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Helgi Gunnlaugsson, prófessor í afbrotafraeði við Háskóla Íslands, telur markmiðið með frumvarpi Silju Daggar göfugt. Hann bendir þó á að rannsóknir sýni að opinber skráning kynferðisbrotamanna gegn börnum, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum og Bretlandi, hafi ekki dregið úr brotum af þessu tagi.

„Það veitir í raun falskt ör-

yggi þótt útfærsla sé með ýmsu móti með eða án eftirlits lögreglu. Ítrekunartíðni kynferðisbrota er yfirleitt lægri en í öðrum brotum. Samt megum við ekki loka augunum fyrir hættunni af þessum brotum. Aðgerðir eru nauðsynlegar varðandi eftirfylgni með alvarlegustu tilfellunum. Flest brotanna komast þó ekki upp á yfirborðið og eru ekki kærð.

Helgi bendir á að viðeigandi meðferð samhliða refsíúrræðum hafi birst í árangri og beri að efla.

„Mikilvægt að ná til yngri gerenda og brýnt að þeir sjálfir viðurkenni vandann og afleiðingar gjörða sinna. Ef barnagirnd er á háu stigi og vandinn ekki viðurkenndur eykst hættu á brotum. Forvarnir skipta mestu, koma í veg fyrir að brotin séu framin. Ef forðæmingin er alls ráðandi og eingöngu harðar refsingar í boði, er hættu á að þeir þori ekki að stíga fram. Verði afskiptir, uppfyllir af ranghugmyndum og hættulegri fyrir vikið.“

Helgi telur að mestu skipti að afplánunin feli í sér viðeigandi meðferð hvort sem er í sérstakri deild eða ekki. „Deild eingöngu fyrir hættulega kynferðisbrotamenn býður upp á þá hættu að hópurinn lokist af í eigin veröld stimplaður af samfélaginu, sem erfitt sé að losna við að lokinni afplánun.“

Þá bendir Helgi á að gerendur snúi aftur í samfélagið hvort sem okkur líki betur eða verr.

„Hægt er að draga úr hættunni

með ýmsum aðgerðum eftir afplánun og árangursríka meðferð. Kynhneigð til barna þarf ekki endilega að leiða til nýrra brota. Stuðningur við að ná fótfestu í samfélaginu á ný, frekar en eftirlit og útskýfun, er yfirleitt farsælasta úrræðið. Sem dæmi má nefna stuðningsnetið Circles sem víða þekktist og hefur gefið góða raun.“ ■

ÚRVAL AF HJÁLUM OG ÚLPUM



CMP herra úlpur frá 29.995 kr.-









Allir barna hjálmur 9.995 kr.-









Fullorðins hjálmur frá 19.995 kr.-







Faxafon 12 108 Reykjavík | Sími 534 2727 alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

VILL LÖGGJÖF UM HERTARA EFTIRLIT MEÐ BARNANÍÐINGUM EFTIR AFPLÁNUN

■ Lögreglan mætti fara inn á heimili ■ Netnotkun skoðuð

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Silja Dögg Gunnarsdóttir hefur í tvígang lagt fram frumvarp um hert eftirlit með dæmdum barnaníðingum. Frumvarpið hefur ekki enn fengið umræðu en samkvæmt því myndu þeir sem taldir eru hættulegir umhverfi sínu þurfa að gangast undir vissar kvaðir, svo sem bann við búsetu þar sem börn eru, eftirliti með netnotkun þeirra og eftirliti lögreglu með heimili þeirra. Barnaverndaryfirvöldum á hverjum stað yrði gert viðvart um búferlaflutninga þeirra og kerfið því betur í stakk búið til að sinna eftirlitinu. DV ræddi við Silju um frumvarpið og stöðuna í málaflökknum.

Lagði fram frumvarp í tvígang

Silja Dögg hefur settið á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn síðan 2013. Hún lagði fyrst fram frumvarp um breytingu á barnaverndarlögum og almennum hegningarlögum vorið 2018. Þegar það komst ekki á dagskrá lagði hún það aftur fram um haustið. Hún segir að ástæðan hafi verið síendurtekinn fréttalutningur um dæmda barnaníðinga sem halda áfram að brjóta af sér eftir að afplánun lýkur. Hún segir:



„Menn eru dæmdir, þeir sitja inni, svo fara þeir aftur

út. Í sumum tilvikum er vitað að þeir muni brjóta af sér aftur. Eða það eru að minnsta kosti yfirgnæfandi líkur á því. Ég hugsaði hvað væri til ráða og var þá bent á leið sem hefur verið farin í Bretlandi með góðum árangri. Ég ákvað því að nota þessa hugmynd en auðvitað þyrfti að aðlaga hana að íslensku umhverfi.“

Þurfum að hugsa út fyrir rammann

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir og aðrir viðkomandi aðilar verði upplýstir þegar dæmdur barnaníðingur flytur búferlum. Það er ef hann flytur til Akureyrar, svo dæmi sé tekið, yrðu stofnanir þar í bæ látin vita.

„Þetta gengur út á að tengja kerfin betur saman. Barnavernd, löggæsluna, dómstólana og alla sem koma að þessum málum. En það yrðu ekki hengd upp plaggöt með myndum af brotamönnum á staðnum. Þetta snýst um samvinnu. Núna er þetta þannig að eftir afplánun láta þessir menn sig hverfa, skipta um nafn og flytja til annarra sveitarfélaga. Þannig kaupa þeir sér tíma, halda áfram að brjóta af sér og eyðileggja fjölda fólks, fyrir lífstíð jafnvel. Það sem ég er að leggja fram í þessu frumvarpi er kannski ekki eina rétta leiðin en þetta er tilraun til þess að byrja einhvers staðar. Að taka umræðuna og reyna að finna leið til að koma í veg fyrir þessi brot.“

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu eru um það bil tíu prósent kynferðisafbrotamanna

talinn líkleg til þess að brjóta af sér á nýjan leik.

„Meginreglan er sú að þegar menn hljóta dóm og afplána þá séu þeir búnir að gera upp skuldina við samfélagið. En þegar við erum með þessa tegund af brotamönnum þá verðum við að hugsa út fyrir rammann. Við náum ekki árangri með núverandi leiðum og náum ekki að vernda borgarana.“

Ef einstaklingur hefur brotið af sér gegn barni og er talinn líklegur síbrotamaður samkvæmt áhættumati yrði hægt að gera eftirfarandi öryggisráðstafanir eftir að afplánun lýkur í þann tíma sem nemur hámarksrefsingu við brotinu.

1. Brotamanni yrði gert að gangast undir meðferð hjá heilbrigðisstarfsfólki.
2. Honum væri skylt að mæta í viðtöl hjá félagsþjónustu.
3. Netnotkun og samfélagsmiðlanotkun hans væri undir eftirliti.
4. Hann mætti ekki neyta áfengis eða annarra vímuefna.
5. Lögreglan hefði eftirlit með heimili hans.
6. Hann mætti ekki búa á heimili þar sem börn væru í skemmri eða lengri tíma.

Viðurlögin við brotum á þessum öryggisráðstöfunum yrðu allt að tveggja ára fangelsi.

Valfrelsi vandamál

Áhættumat er framkvæmt í dag en Silja segir vandamálið vera að það sé valkvætt. Brotamaðurinn sjálfur

ákveður hvort hann undirgengst það. Ef frumvarpið færi í gegn yrði áhættumat skylda og framkvæmt af fagaðilum á afplánunartímabilinu.

„Það er ekki verið að tala um að allir kynferðisbrotamenn undirgangist kvaðir að afplánun lokinni. Þetta er fámennur hópur en hættulegur.“

Getur betrunarvist í fangelsi gert eitthvað fyrir þennan hóp?

„Það eru til meðferðir fyrir barnaníðinga, lyfjavönnun, samtalsmeðferð og annað. En svo eru aðrir sem segja að þetta sé ólækandi. Það sé hins vegar hægt að halda þessu niðri, ef viðkomandi er samstarfsfús og vill berjast gegn þessu. Vandinn er að þessar meðferðir eru valkvæðar.“

Ekki nornaveiðar

Í greinargerð með frumvarpinu er til dæmis gert ráð fyrir að dæmdir barnaníðingar geti ekki skipt um nafn til að fela sig. Silja segir að þetta sé flókið mál og geti stangast á einhvern hátt á við persónuvernd.

„Þetta frumvarp brýtur grunnhugmyndafræði réttarkerfisins sem við að öllu jöfnu göngum út frá. Menn sem falla í þennan hóp verða undir ákveðnu eftirliti eftir að afplánun er lokið. En þetta snýst ekki um nornaveiðar, að hús þessara manna séu merkt og þar fram eftir götum.“

Í sumum löndum eru upplýsingar um dæmda kynferðisbrotamenn aðgengilegar, til dæmis á vefsíðum, með nafni og mynd brotamanns. Hér á Íslandi hafa borgaramir tekið sig saman og komið á legg vefsíðum og sam-

félagsmiðlasíðum þar sem birtar eru myndir, nöfn og heimilisföng dæmdra barnaníðinga sem lokið hafa afplánun. Eins og fjallað hefur verið um lagði Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra fram frumvarp um breytt fyrirkomulag á birtingu dóma. Yrðu þá dómur í kynferðisbrotamálum ekki birtir opinberlega á héraðsdómstólalagði sem gengur í berhöggi við vilja almennings um að fá upplýsingar um þessa brotamenn. Silja telur að frumvarp Sigríðar verði ekki lagt fram, að minnsta kosti ekki í vetur.

Kerfið ekki í stakk búið

Telur þú að ef þetta frumvarp eða annað sambærilegt næði fram að ganga, þá yrði minni ótti í samfélaginu?

„Já, og ég held að fólk vilji sjá eitthvað gert. Umfjöllun fjölmiðla síðustu mánuði og ár sýnir að kerfið er veikt. Það eru sömu einstaklingarnir sem brjóta af sér árum og áratugum saman. Áður fyrr var ekki talað um svona hluti og fólk ekki upplýst um hættuna. Í dag er umræðan til staðar en kerfið ekki í stakk búið til að taka á þessu.“

Silja segir að það muni taka stjórnáramenn tíma að setja sig inn í málið. Þrátt fyrir að hún leggi þetta til ein standi þingflokkur Framsóknarflokksins með henni.

„Ég vona að þetta komi til umræðu í vetur, en ef ekki þá legg ég það aftur fram á næsta þingi. Best væri ef ráðuneytin sem þetta heyrir undir, félagsmála og dómsmála, legðu fram frumvarp því þá tæki það skemmri tíma.“ ■



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parki með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



ERTU MEÐ VERKI Í BAKI, MJÖÐMUM, HNJÁM EÐA FÓTUM ?

Komdu í göngugreiningu!
Tímamantanir í síma 55 77 100



Við höfum tekið yfir **60.000**

íslendinga í göngugreiningu

Eins og Fætur Toga

leggur áherslu á að bjóða

BESTU vörurnar og veita

FAGLEGA þjónustu

Kíktu til okkar í Bæjarlind 4, Kópavogi
eða í Orkuhúsið, Suðurlandsbraut.



EINS OG FÆTUR TOGA

Sími: 55 77 100 www.gongugreining.is

FRÁBÆRIR FYLGIHLUTIR FYRIR ÍPRÓTTA OG ÚTIVISTARFÓLK

NUDDSÁR ?

2skin býr til varnarhúð til að koma í veg fyrir blöðrur og nuddsár.

2.990 kr.



1.990 kr.

VOND LYKT ?

Smell Well pokarnir draga í sig raka eyða vondri lykt t.d úr hlaupaskóm.



1.490 kr

HÁLKUVÖRN

Icespike eru hágæða hálkuskrúfur úr hertu stáli sem eru skrúfaðar í skóna.

Skrúfurnar skemma ekki skóna og endast allan veturinn. Skrúfum undir skóna á staðnum.



4.990 kr



EINS OG FÆTUR TOGA

Sími: 55 77 100 www.gongugreining.is

Sambía Ríkulegar koparnámur.

AFRÍKA ER NÝJASTA VÍGLÍNAN Í VALDAUPPGJÖRI STÓRVELDANNA

Lánveitingar
Emmerson Mnangagwa, forseti
Zimbabwe og Pútín.

Rússland og Kína styrkja stöðu sína

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Rússland og Kína standa í ströngu þessa dagana við að styrkja pólitíska, efnahagslega og hernaðarlega stöðu sína í Afríku. Bandaríkin eru ekki sátt við þetta og saka Kínverja um að halda afrískum þjóðum sem gíslum og Rússa um að selja þeim vopn og orku í skiptum fyrir atkvæði þeirra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þegar Simbabvemenn vöknudu nýlega upp við að bensínverð í landinu var orðið það hæsta í heimi brutust mikil mótmæli út. Ríkisstjórnin mætti þeim af mikilli hörku. Á sama tíma og lögreglan skaut á mótmælendur sem reyndu að skýla sér bak við brennandi dekk voru þeir sem báru ábyrgð á stöðunni hvergi nærri. Emmerson Mnangagwa forseti var í Kreml til að reyna að kría út lán til handa illa stöddu landi sínu. Þar fundaði

hann með Vladímír Pútín Rússlandsforseta sem hefur átt annríkt undanfarið ár við að byggja upp ný sambönd við afríska leiðtoga. Þessi vinaleit hans hófst í kjölfar innlimunar Rússa á Krímskaga 2014 en í kjölfar hennar fraus sambandið við Vesturlönd nánast og hefur ekki þiðnað síðan. Af þessum sökum töldu Rússar sig þurfa að leita nýrra bandamanna og það hefur nú þegar skilað sér í mörgum samningum um hernaðarlega samvinnu og hefur styrkt stöðu og áhrif Rússa í Afríku mikið.

Þetta hefur komið mörgum vestrænum sérfræðingum og stjórnáráðgjöfingum á óvart. Rússar hafa ekki sama efnahagslega bolmagn og Kínverjar en geta hins vegar boðið ódýr vopn, hernaðarráðgjöf og aðgengi að ríkisreknum fyrirtækjum sem hafa mikla reynslu af vinnslu náttúruauðlinda. Þetta hefur verið vinsælt og ekki síst meðal einræðisherra í álfunni. Augljósast er þetta í Súdan og Mið-Afríkulýðveldinu. Í nýlegum mótmælum og óróleika í Súdan, þar sem

Kínverjar beina sjónum sínum aðallega að náttúruauðlindum álfunnar og reyna að ná stjórn á þeim

að minnsta kosti 40 manns létust, segja margir fjölmiðlar og leiðtogar stjórnarandstöðunnar að þeir hafi séð rússneska málaliða á götum Khartoum. Þeir hafa aðstoðað og þjálfað leyniþjónustu landsins enda er samband Rússa við valdhafa í Súdan náðið.

Rússneskir blaðamenn myrtir
Það voru morð á þremur rússneskum blaðamönnum í Mið-Afríkulýðveldinu í sumar sem opnuðu augu heimsins af alvöru upp fyrir sókn Rússa til áhrifa í Afríku. Blaðamennirnir höfðu farið til Mið-Afríkulýðveldisins til að rannsaka umsvif rússnesks málaliðafyrirtækis. En þeir komust

ekki langt með rannsókn sína því þeir lentu í fyrisát og voru skotnir til bana. Yfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að um ránstíraun hefði verið að ræða. En áður en þeir voru myrtir hafði lögreglu maður, með tengsl við Rússa, njósnað um þá, sagði CNN nýlega í heimildamynd.

Það leikur enginn vafi á að Rússar hafa aukið hernaðarlega viðveru sína í Mið-Afríkulýðveldinu. Þeir sjá til dæmis um þjálfun öryggisveita landsins. Eftir því sem fram hefur komið í fjölmiðlum er hugsanlegt að næsta skref þeirra verði að opna herstöð í landinu. Þeir hafa einnig uppi hugmyndir um að opna birgðastöð í Eritreu, ekki fjarri herstöðvum Kína og Bandaríkjanna í Djíbútí. En það veldur mörgum einna mestum áhyggjum núna að Rússar virðast hafa tryggt sér bein áhrif á öryggisveitum Mið-Afríkulýðveldisins. Þeir hafa selt stjórnvöldum vopn og skotfæri og staðið fyrir þjálfun öryggisveita. Í Súdan hafa stjórnvöld fengið Rússa til að gegna starfi þjóðaröryggisráðgjafa og lífverðir forsetans eru að sögn Rússar. Rússar hafa einnig seilst til áhrifa í Austur-Kongó.

Því hefur verið varpað fram að Rússar séu að reyna að verða einhers konar hernaðarlegt öryggisnet fyrir Afríkubjóðir. Þeir lokki leiðtoga frá stuðningi við Vesturlönd með ódýrum vopnum og talsýn um pólitíska tryggð.

Kínverjar beina sjónum sínum aðallega að náttúruauðlindum álfunnar og reyna að ná stjórn á þeim. Austur-Kongó er stærsta framleiðsluland kóbalt, sem er notað við framleiðslu raftækja, og vilja Kínverjar gjarnan ná stjórn á þessari auðlind og losa sig við vestræn fyrirtæki.

Vita vel af þessu

John Bolton, þjóðaröryggisráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, gagnrýndi umsvif Rússa og Kínverja í ræðu sem hann hélt í desember. Hann sagði jafnframt að Bandaríkin muni hrinda nýrri

áætlun af stað til að vinna gegn því sem Rússar og Kínverjar eru að gera í álfunni. Bolton sagði að ágengni Rússa og Kínverja í Afríku skekki hagvöxt í álfunni og ógni efnahagslegu sjálfstæði ríkja hennar. Hann sakaði Rússa um að selja vopn og orku í skiptum fyrir atkvæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Með þessum atkvæðum væri stuðlað að því að einræðisstjórnir sitji að völdum, grafið sé undan friði og öryggi og unnið gegn hagsmunum Afríkubúa að mati Bolton. Hann vandaði Kínverjum heldur ekki kveðjurnar og sagði þá nota mútur, flókna og ógagnsæja samninga og áætlun um að nota skuldir til að halda Afríkuríkjum sem gíslum til að uppfylla drauma sína og kröfur. Hann nefndi Djíbútí og Sambíu sérstaklega til sögunnar.

Í Sambíu er mikið af kopar og hefur landið fengið um 10 milljarða dollara lán hjá Kínverjum til að byggja skóla, flugvelli og aðra innviði. Ef landið getur ekki staðið við afborganir af þessum lánunum er þess vænst að Kínverjar taki yfir stjórn orkufyrirtækis landsins.

Í Djíbútí er svipað uppi á teningnum. Stjórnvöld hafa fengið há lán hjá Kínverjum og skulda þeim mikið. Árið 2017 opnuðu Kínverjar herstöð í landinu en þetta er fyrsta herstöð þeirra í Afríku og ekki nóg með það því hún er mjög nærri bandarískri herstöð. En auk þess að leyfa Kínverjum að opna herstöð gætu stjórnvöld í Djíbútí þurft að láta Kínverjum eftir yfirráð yfir gámahöfninni í Doraleh við Rauðahaf, en ef svo fer þá verða Kínverjar allvaldamiklir á því svæði.

Svo virðist sem Kenía hafi fengið í sömu gildru. Landið fékk lán hjá Kínverjum til að leggja nýja járnbrautarlínu, en á nú í erfiðleikum með að greiða af láninu og þarf jafnvel að láta Kínverjum eftir yfirráð yfir höfninni í Mombasa.

Bandaríkjamenn geta að vissu leyti litið í eigin barm varðandi þróun mála í Afríku því undanfarninn áratug, á valdatíma Baracks Obama, horfðu Bandaríkin aðallega á Afríku með öryggismál í huga en höfðu engan hug á fjárfestingum þar. Þetta opnaði leið Kínverja inn í álfuna og það hafa þeir nýtt sér út í ystu áesar og Rússar hafa einnig séð sér leik á borði til að koma ár sinni vel fyrir borð í álfunni. ■

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI
VIÐ PLASTI



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ
www.igf.is



MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Ást á ensku tuðrusparki

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Íslenskt íþróttáhugafólk á flest sitt lið í enskum fótbolta, íslenskir íþróttafréttamenn eru þar engin undantekning. Íslenskir íþróttafréttamenn endurspeglu í raun landslagið í þjóðfélaginu, flestir hallast að rauða litnum og skiptast jafnt á milli stórlíðanna á Englandi, Manchester United og Liverpool.

30 íþróttafréttamenn eru skráðir í samtök íþróttafréttamanna en með krókaleiðum var hægt að finna út úr því með hvaða liðum á Englandi 27 einstaklingar halda.



Gamli skólinn: Guðmundur Hilmarsson á Morgunblaðinu, heldur með Manchester United.



Gummi Ben heldur með Manchester United

Ekki var hægt að grafa upp hvaða lið Edda Sif Pálsdóttir á RÚV, Páll Hilmar Ketilsson hjá Víkurfréttum og Ívar Benediktsson á Morgunblaðinu styðja.

Skærasta stjarnan heldur með United

Manchester United, sem hefur unnið efstu deild á Englandi oftast, á ellefu stuðningsmenn í röðum íþróttafréttamanna á Íslandi.

Helst ber þar að nefna Guðmund Benediktsson, einn frægasta núlifandi Íslendinginn. Þá hefur Arnar Björnsson ekki náð sínu í gegn í uppeldinu því dóttir hans, Kristjana Arnarsdóttir, heldur með United, Arnar er á öðrum báti. Þá er foringinn sjálfur, Henry Birgir Gunnarsson, stuðningsmaður rauðu djöflanna. Stuðningsmenn United hafa lifað í vonleysi eftir að Sir Alex Ferguson hætti en Guðmundur Hilmarsson á Morgun-

blaðinu er einn af þeim sem trúna að Ole Gunnar Solskjær geti fært stuðningsmönnum félagsins von í brjósti.

Bítlaborgin heillar marga

Það eru ellefu í röðum íþróttafréttamanna sem halda með Liverpool, Bítlaborgin heillar jafn marga og United. Liverpool er líka sögufrægt félag sem var afar sigur-

sælt á árum áður, líklegt er að titlarnir fari að koma aftur undir stjórn Jurgens Klopp.

Hörður Magnússon, sem hefur verið vinsæll í starfi til fjölda ára, heldur með Liverpool. Magnús Már Einarsson, sem er manna fróðastur um leikinn fagra, heldur einnig með Liverpool. Stuðningsmenn Liverpool hafa gjarnan mikla ástríðu fyrir félagi sínu, þeir eru vongóðir um að 29 ára eyðimerkurganga í efstu deild Englands taki enda í ár.

Einir á báti

Fimm íþróttafréttamenn á Íslandi eru einir á báti, þannig hefur Arnar Björnsson alla tíð haldið með

Haukur Harðarson er einn á báti og heldur með Chelsea.



Leeds, það hefur oftast en ekki tekið á, en á síðustu árum hefur liðið verið í vandræðum. Víðir Sigurðsson, sem er afar virtur blaðamaður og hefur lengi verið í bransanum, heldur með Derby. Einar Örn Jónsson á RÚV styður Arsenal og Andri Yrkill Valsson styður Newcastle. Óskabarn þjóðarinnar, Haukur Harðarson, varð svo fyrir áhrifum Eids Smára Guðjohnsen og styður Chelsea. ■



Hafliði Breiðfjörð heldur með Liverpool en samstarfsfélagi hans á Fótbolta.net, Elvar Geir, heldur með Manchester United.

Gerð gæða- og verðsamanburð

MEMORY Deluxe

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistífl heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstur. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 74.900.-

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu sterkir hlöðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

80x200 cm
Verð aðeins kr. 94.900.-

Svefn & heilsa ★★★★★

Umboðsaðilar: Húsgagnaval | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

Manchester United:

Henry Birgir Gunnarsson (Sýn)
Guðmundur Benediktsson (SÝN)
Tómas Þór Þórðarson (SÝN)
Elvar Geir Magnússon (Fótbolti.net)
Guðmundur Hilmarsson (Morgunblaðið)
Hörður Snævar Jónsson (433.is)
Ingvi Þór Sæmundsson (Fréttablaðið)
Kristjana Arnarsdóttir (RÚV)
Sindri Sverrisson (Morgunblaðið)
Ástrós Ýr Eggertsdóttir (Manchester United)
Kristján Jónsson (Morgunblaðið)

Liverpool:

Bjarni Helgason (Morgunblaðið)
Guðjón Guðmundsson (Sýn)
Hafliði Breiðfjörð (Fótbolta.net)
Hörður Magnússon (Sýn)
Magnús Már Einarsson (Fót-

bolti.net)
Porkell Gunnar Sigurbjörnsson (Liverpool)
Valur Páll Eiríksson (RÚV)
Kristinn Páll Teitsson (Fréttablaðið)
Hjörvar Ólafsson (Fréttablaðið)
Eiríkur Stefán Ásgeirsson (Sýn)
Óskar Ófeigur Jónsson (Sýn)

Chelsea:

Haukur Harðarson (RÚV)

Leeds:

Arnar Björnsson (Sýn)

Arsenal:

Einar Örn Jónsson (RÚV)

Newcastle:

Andri Yrkill Valsson (Morgunblaðið)

Derby County:

Víðir Sigurðsson (Morgunblaðið)



**KING
KOIL**

RÝMUM FYRIR NÝJUM GERÐUM FRÁ KING KOIL



**35%
AFSLÁTTUR**

**STAKAR DÝNUR
Á ÓTRÚLEGU VERÐI**
STÆRÐIR 153X203cm (QUEEN)

**VERÐ FRÁ
107.200 KR.**



ÓTRÚLEGT VERÐ Á
**STÖKUM
DÝNUM!**

**35%
AFSLÁTTUR**

193X203cm (KING)
EÐA 183X213cm (CAL-KING)

**VERÐ FRÁ
133.000 KR.**

**EIGUM EFTIR ÖRFÁ ERGOMOTION
STILLANLEG RÚM Á TILBOÐSVERÐI**



**FYRSTU
KEMUR
FYRSTUR
ÆR!**

2X90X200cm
**MEÐ MILLISTÍFRI
GORMADÝNU**

**VERÐ FRÁ
264.065 KR**



**Ný sending af Fatboy
vörum var að detta í hús**
sekkur.is



fatboy®

*Miðað við 12 mánaða vaxtalausán raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

rekkjan
HEILSURÚM

Elli Grill borðaði ekkert í þrjá mánuði

Tekur þátt í Söngvakeppninni Borðaði frosk í skógi með skottulækni

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Eitt athyglisverðasta atriði í seinni undankeppni Söngvakeppninnar á laugardaginn er án efa lagið Jeijó, keyrum alla leið, sem flutt er af Ella Grill, Skaða og Glym. Rapphundurinn Elli Grill hefur vakið mikla athygli í viðtölum fyrir keppnina, en færri vita að hann hefur afar sterkar og undarlega skoðanir á mat.

Ertu mikill matgæðingur?

„Já, ég hef alltaf verið það, alveg frá því að ég var gutti að grilla samlokur með tómatsósu á Ingólfstorgi fyrir allar hjólabretaskötur. Talandi um skötur þá borðaði ég skötu með honum Edda alla laugardaga úti á sjó, lengst úti á hafi.“

Hvaða þýðingu hefur matur fyrir þér?

„Eitt sinn borðaði ég ekkert í þrjá mánuði og drakk bara vatn. Talandi um vatn, hann Róbert vinur minn breytti vatni í vín sem mér fannst alltaf mjög merkilegt.“

„Ég væri til í að Jói Fel myndi alltaf gera kótelettu handa mér, alla daga og öll kvöld.“

Hver er þinn huggunarmatur?

„Fiskur sem talar íslensku er alltaf skemmtilegur.“

Hvað er það besta sem þú hefur nokkurn tímann smakkað?

„Kóreskt taco í Mathöll Granda er andleg upplifun.“

En það skrytnasta?

„Hollenskur froskur úti í skógi með skottulækni. Mjög hress og skemmtilegur kall.“

Hvað með það ógeðslegasta?

„Úldið gúllas frá frönskum tónlistarmanni sem heitir Lafontaine. Ég var samt mjög kurteis og kláraði af disknum og ég er líka mjög stundvís.“

Er einhver matur sem þú getur alls ekki borðað?

„Ég get ekki borðað morgunmat því ég er svo stundvís.“

Ferðu eftir einhverju sérstöku mataræði, fylgirðu til dæmis sérstöku matarkúrum?

„Matarkúrum? Ég leik mér ekki að matnum.“

Áttu einhverja sérstaklega eftirminnilega matarminningu?

„Hot spicy chicken sem hann Slick gerði í hverfinu í Tennessee. Hress náungi, kannski aðeins of hress.“



Ertu fíkill í einhvern mat eða drykk?

„Ég er með svolitla fíkn í mér, alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Svo er ég líka svo skrytinn.“

Ef þú þyrftir að velja einn rétt til að borða það sem eftir væri, hvaða réttur væri það?

„Ég væri til í að Jói Fel myndi alltaf gera kótelettu handa mér, alla daga og öll kvöld.“

Ertu mikill sætindagris?


„Ég er voða lítið fyrir svin og nammi, en naan-brauð er skemmtilegt fyrir veisluna.“

Ef þú þyrftir að túlka persónuleika þinn í einhverjum rétti, hvaða réttur væri það?

„Spiritual kótelettukall.“

Hvernig er að keppa í Söngvakeppninni?

„Virkelega skemmtilegt. Ég þekki báða sviðskarlana og hljóðmennina á „showinu“ og ég þekki Friðrik Ómar mjög vel. Að sjálfsögðu eru Hera og Hatari alveg brílljant. Ég vil að sjálfsögðu senda stórsveit Reykjavíkur fallegar kveðjur því djassinn er í fjölskyldu minni og ég er fæddur tónlistarmaður. Við erum með skemmtilegt popplag fyrir börnin og krakkanir vita alltaf hvað nýtur sín best“ ■



HÆGT AÐ NOTA ÚTI OG INNI




HREIDUR.IS

LEYFÐU HUGMYNDAFLUGINU AÐ RÁÐA



FESTIST Á FLÍRAR OG Í BADKÖR



VEGAKORT ÁN HINDRANA FYRIR



Froskur.



LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á sturta.is og
skoðuðu úrvalið
S. 856 5566



rýmingarsala

40-60%

GILDIR AÐEINS Í KÚNÍGÚND LAUGAVEGI

afsláttur

DAGANA 14.-16. FEBRÚAR

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Fólkið sem enginn þekkir skammað

Laun Lilju Bjarkar Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans, voru hækkuð svívirðilega í vikunni. Mikil reiði braust út og hækkinin hleypti illu blóði í kjaraviðræður á almennum markaði. Ráðherrar keppast nú við að koma sökinni á bankaráð Landsbankans. Það hljómar hins vegar ekki trúverðugt enda situr bankaráðið í umboði ríkisstjórnarinnar og samkvæmt reglum ráðsins má það ekki svara fyrir sig nema í undantekningartilvikum. Bankaráðið samanstendur af Helgu Björk Eiríksdóttur, Berglindi Svavarsdóttur, Einari Þór Bjarnasyni, Hersi Sigurgeirssyni, Jóni Guðmanni Péturssyni og Sigríði Benediktsdóttur. Þetta er fólk sem er ekki áberandi í almennri umræðu, eins konar nafnlaus hersing sem tekur á sig sökina fyrir ríkisstjórnina sem ber á endanum ábyrgðina. Fyrir að taka á sig skammirnar mun fólkinu í bankaráði ekki verða refsað með beinum hætti.

Óíslensk hegðun

Snæbjörn Brynjarsson sýndi mjög óíslenska hegðun í vikunni og sagði af sér sem varþingmaður Pírata. Var það í kjölfar þess að hann hafði hella sér yfir Ernu Yri Öldudóttur, blaðamann Viljans, með svívirðingum á öldurhúsi. Í tilkynningu sinni baðst hann einnig afsökunar á athæfi sínu. Margir eru undrandi á hversu fljótt Snæbjörn brást við og af mikilli festu. Má segja að hann hafi slegið vopnin úr höndunum þeirra sem ætluðu að nota málið gegn honum og flokki hans, Pírötum. Snæbjörn sleppur að sjálfsögðu ekki ólaskaður frá málinu eins og riddari á hvítum hesti. En hann sýndi að heilindi liggja að baki, heilindi sem eru sjaldséð í íslenskum stjórnámálum.



Af hverju standa Færeyingar okkur framar?

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Aðfaranótt föstudagsins 8. febrúar var íslenskur lögreglumaður handtekinn í miðbæ Þórshafnar fyrir líkamsárás. Fyrir árásinni varð annar Íslendingur og ferðafélagi lögreglumannsins. Sunnudaginn 10. febrúar var búið að dæma í málinu. Hlaut hann 50 daga skil-orðsbundið fangelsi og þriggja ára ferðabann til eyjanna.

Í helgarblaði DV er nú greint frá því að meint hegningarlagaþing framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar sé fyrnt. Hann var ákærður fyrir líkamsárás á dyravörð skemmtistaðar í miðbæ Reykjavíkur. Þetta atvik átti sér stað þann 27. ágúst árið 2016. Þegar málið kom til héraðsdóms var það fyrnt. Ástæðan? Seinagangur lögreglu.

Hvernig má það vera að Íslendingar, ein af ríkustu þjóðum heims, sem telur sig jafnframt vera með þeim þróaðri á jarðarkringlunni, geti ekki tryggt réttaröryggi borgaranna? Að brotamenn geti sloppið við refsingu og sektir af því að opinberar stofnanir vanrækja skyldu sína?

Ætla mætti að mál af þessum

í síðuðum samfélögum ætti lögreglan að beita öllum sínum kröftum í að mál af þessum toga leysist, hratt og örugglega.

toga, sem fjalla um líkamlegt ofbeldi, ætti að hafa forgang í kerfinu. Þetta er ekki ógreidd stöðumælasekt eða ólöglega byggður bílskúr. Í síðuðum samfélögum ætti lögreglan að beita öllum sínum kröftum í að mál af þessum toga leysist, hratt og örugglega. Í miðbæ Reykjavíkur eru urmull af myndavélum, svo ekki sé nú talað um vitnin. Svona mál ætti því að vera nokkuð borðleggjandi.

Færeyingar eru okkar nánustu frændur. Samfélagsgerð þeirra er álík okkar og efnahagurinn sömuleiðis. Við erum með tvö sambærileg mál. Annað er afgreitt

yfir helgi en hitt klúðrast á tveimur og hálfu ári. Hvar liggur vanda-málið?

Fyrningar eru algengar á Íslandi. Við heyrum það á umfjöllun fjölmiðla. Margir telja að fyrningarfresturinn sé of stuttur og finnst ósanngjarnt að mál fymist. En það er ástæða fyrir fyrningum, sérstaklega í hegningarlagaþingum. Upplýsingaöflun verður erfiðari eftir því sem lengra líður frá brotinu og minni vitna verður stopulla. Þetta verða rannsóknaraðilar að hafa í huga þegar mál koma inn á þeirra borð. Um kynferðisbrot gilda önnur viðmið,

enda eru það mál sem þolandinn burðast með lengi í skómm og áður fyrr lágu slík mál í þagnargildi.

Öll þekkjum við þann fjárskort sem íslensk löggæsla og fangelsi búa við. Í hruninu kom hann bersýnilega í ljós og minnstu munandi að lögreglan missti tókin á ástandinu. Síðan þá hefur lítið breyst og gremja lögreglumanna leynir sér ekki. DV greindi nýlega frá því að mörgu er þar ábótavant. Má nefna bíla, fatnað, menntun og fleira. Álagið er mikið og launin lág. Í fangelsum eru plássin fá og menn sleppa við dóma vegna þess að þeir fymast. Eða þá að menn eru kallaðir inn til refsingar, löngu eftir dómsuppkvaðningu, menn sem hugsanlega eru búnir að gjörbreyta líferni sínu.

Það er hins vegar ekki hægt að skýra allt út frá fjárskorti. Í máli framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar er augljóslega ekki aðeins fjárskorti um að kenna heldur hlýtur eitthvað annað að liggja að baki. Er það sinnuleysi? Lítið skipulag? Röng forgangsröðun? Hvert sem vandamálið er þá verðum við að kippa því í lag. Annars koma upp fleiri sambærileg mál sem yrðu hreint út sagt vandræðaleg fyrir land og þjóð. ■

Spurning vikunnar

Hvað er uppáhaldslagið þitt í Söngvakeppninni frá upphafi?



Heimili og viðhald

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



250 LITIR:

Gott orðspor er gulli betra

Verktakafyrirtækið 250 litir ehf. sinnir öllum markaðnum þegar kemur að innan- og utan-hússmálun, lökkun á útidyr-um, epoxy-gólflokkun, palla-málun og mörgu fleira. „Ég hef rekið fyrirtækið frá árinu 2007 og er með marga góða starfsmenn sem hafa mikla reynslu og menntun á bak við sig. Fyrirtækið stækkar með hverju árinu sem líður enda byggjum við á góðu orðspori frá viðskiptavinum okkar. Við reddum öllu því sem þarf til þess að vinna verkin, hvort sem um er að ræða verktaka, vinnuvélar, tilskilin leyfi eða þess háttar,” segir Stefán Örn hjá 250 litum.

Enginn ófyrirséður kostnaður

„Við vinnum verk fyrir húsfélög, einstaklinga, fyrirtæki, öll verk sem snúa að viðhaldi. Við erum einnig mikið í að þjónusta íbúðir innanhúss; gólflokkun, lögun á raka-skemmdum og hvaðeina. Einnig sinnum við mikið nýbyggingum og höfum verið viðriðir mjög stór og skammtileg verkefni undanfarið. Nú síðast vorum við að klára stórt verk fyrir SÁÁ í Vik á Kjalanesi.

Við fengum mikið lof fyrir góð vinnubrögð enda er það okkar metnaður að vinna verkin vel ásamt því að gefa út nákvæmar verklýsingar og verðáætlun. Okkar kunnar eru ekki að lenda í ófyrirséðum kostnaði í enda verks.”

Sinna öllum, stórum og smáum

250 litir ehf. er með ákveðinn fjölda fastra starfsmanna sem margir hverjir eru að sinna almennum markaði fyrir 250 liti. Einnig ræður fyrirtækið inn verktaka eftir því hversu stór verkefni það tekur að sér og miðað við þann tíma sem á að vinna verkið á. „Þannig getum við tekið að okkur stærri verkefni og minni, því þó svo við séum mikið í stærri verkefnum þá sinnum við líka smærri verkefnum,” segir Stefán.

Ánægðir fastakúnnar

„Einnig höfum við þjónustað Ólgerðina til fjölda ára, utan-húss sem innan, hvort heldur er í skrifstofu- eða verk-smiðjurýmum. Við höfum líklegast til nýtt allar okkar verk-aðferðir inni í þessu húsnæði enda eru rýmin sérstaklega fjölbreytt og notkunarleiðir þeirra mismunandi.

Við höfum verið afar heppnir með samstarfsfé-laga og kúnnahóp enda hefur það sýnt sig að þegar fólk hefur leitað til okkar einu sinni þá kemur það aftur,” segir Stefán.

Nánari upplýsingar má nálgast á litir.is auk þess sem þar má leggja inn umsókn um verðtilboð.

Facebook: 250 litir.

Miðvangur 57, 220


Hafnarfjörður

Netfang: litir@litir.is ■





Notkun sprinkler fer vaxandi



Fyrtækið Sprinkler pípulagnir, Bildshöfða 18 í Reykjavík, hefur í meira en 22 ár sérhæft sig í innflutningi og uppsetningu sprinklerkerfa. Fyrirtækið hefur umboð hérlandis fyrir bandaríska stórfyrirtækið VIKING, sem er eitt stærsta framleiðslufyrirtæki í heimi á sprinklerkerfum.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Fyrsta verkefni fyrirtækisins á sviði sprinklerkerfa var Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Á þeim tíma, fyrir rúmum 22 árum, voru sprinklerkerfi nánast óþekkt hér á landi. Eftir að hafa lokið þessu verkefni sneri Egill Ásgrímsson sér alfarið að innflutningi á sprinklerkerfum. Egill hefur aflað sér yfirgripsmikillar þekkingar á þessu sviði, bæði erlendis og hér heima.

Notkun sprinklerkerfa fer ört vaxandi

Á undanförunum árum hefur notkun sprinklerkerfa farið hraðvaxandi hér á landi. Í fyrstu voru kerfin nær eingöngu sett upp í stærstu byggingunum en með bættem öryggiskröfum eru sprinklerkerfi sett upp í nærri öllum stærri byggingum, bæði hjá fyrirtækjum og opinberum aðilum. Gistiheimili og hótél eru engin undantekning.

Við höfum sérhæft okkur í eftirliti og viðhaldi á sprinklerkerfum

Í reglugerð um brunavarnir er kveðið á um eftirlitsskyldu með sprinklerkerfum, þ.e. að fyrirtæki eða húseigendur geri þjónustusamning við viðurkenndan eftirlitsaðila, sem hefur þá skyldu að sjá um prófun á kerfum. Í dag er fyrirtækið með fjölda samninga hvað það varðar.

Fyrir utan aukid öryggi, hefur notkun á sprinklerkerfum m.a. í för með sér fjárhagslegan sparnað, því tryggingafélög veita riflegan afslátt af lausafjártryggingum.

Nánari upplýsingar má nálgast í síma 587-2025 eða með því að senda tölvupóst á sprinkle@simnet.is. ■



Taktu fyrsta skrefið með Verksýn



Sérhæfing Verksýnar ehf. er á sviði viðhalds og endurbóta á mannvirkjum, innandyra sem utan. Hjá fyrirtækinu starfa sérfræðingar með yfirgrípsmikla reynslu og þekkingu á þessu sviði. Fyrirtækið leggur áherslu á að búa yfir fagþekkingu, sem felst í að verkefnastjórar fyrirtækisins hafa flestir reynslu af störfum sem iðnmeistarar og er það ein af grunnstöðum í þekkingu fyrirtækisins.

„Við erum stolt af því að margir okkar starfsmanna hafa þennan mikilvæga bakgrunn, sem þeir hafa í mörgum tilvikum byggt ofan á með frekara námi. Við teljum þetta skapa okkur ákveðna sérstöðu og umfram allt nýtist þessi þekking viðskiptavinum okkar vel,“ segir Andri Már Reynisson hjá Verksýn.

„Stærsti hlutinn af okkar starfsemi felst í því að þjónusta húsfélög og aðra eigendur fasteigna með ráðgjöf vegna viðhalds og endurbóta á eignum þeirra. Við störfum eftir gæðakerfi sem vottað er af Mannvirkjastofnun,“ segir Andri. „Við höfum einnig þróað gæðakerfi fyrir byggingarstjóra og iðnmeistarar, sem við bjóðum til sölu, svo að við þekkjum einnig vel til þeirra gæðakerfa.“

Fyrsta skrefið er ástandsskoðun

„Fyrsta skrefið í okkar ferli er ástandsskoðun og í framhaldinu áætlanagerð. Það skiptir máli að þetta sé gert vel og vandlega. Mikilvægt er að þetta fyrsta skref sé tekið snemma. Núna er til dæmis góður tími til að hafa samband við okkur vegna ástandsskoðunar og þetta er að segja má sá tími ársins þar sem við erum á fullu að vinna þessa undirbúningsvinnu fyrir framkvæmdir.“

Eftir að ástandsskýrsla kemur út þarf viðskiptavinurinn að taka ákvörðun um næstu skref, sem tekur sinn tíma. Það er einnig best fyrir eigendur að gefa sér tíma í þá ákvarðanatöku, enda getur verið um töluverða fjárfestingu að ræða vegna viðgerða eða endurbóta á eldra húsnæði. Ut frá reynslutölum er áætlað að verja þurfi um 1–2% af verðmæti fasteigna til að mæta eðlilegu viðhaldi á hverju ári, en sú viðhaldsþörf safnast upp og getur hæglega stigmagnast ef það er dregið of lengi að bregðast við henni,“ segir Andri.

„Stór hluti fasteigna á landinu er kominn á þann aldur að endingartími byggingarhluta fæst ekki framlengdur með t.d. málun og minni háttar viðhaldsaðgerðum. Tímabært verður því að horfa til endurnýjunar, t.d. á gluggum, þakklæðningu og öðrum byggingarhlutum.“



Andri Már Reynisson

Útboð skila hagkvæmni

„Að lokinni ákvarðanatöku um framkvæmdarleið beinum við verkefnum okkar í útboð. Búin er til verðsamkeppni svo viðkomandi framkvæmd verði sem hagkvæmst fyrir eigendur. Við sinnum einnig umsjón og eftirliti með framkvæmdum, alveg frá upphafi og þar til kemur að lokaúttekt viðkomandi framkvæmda. Sú vinna er tímafrel og þarfnast yfirlegu.“

Eigendur vilja fá marktækar áætlanir

Iðulega heyrast sögusagnir um að kostnaður á hinum og þessum framkvæmdum hafi aukist langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Þótt kostnaðaraukning geti átt sínar skýringar í einhverjum tilvikum, er ekki þar með sagt að það eigi að taka þeim sem sjálfsögðum eða eðlilegum hlut.

„Við hjá Verksýn skoðum fasteignir vel úr návígi og förum upp í stiga eða vinnulyftur til þess að komast yfir sem mest af ytra byrði hússins – og skoða það vel og vandlega. Einnig skoðum við innandyra samhliða eins og þörf er á. Það býður einfaldlega upp á ónákvæmar kostnaðaráætlanir að gera ekki nægilega nákvæma skoðun í upphafi og það er t.d. að okkar mati alls ekki nóg að „sjónskoða“ frá jörðu heilar húseignir og byggja áætlanir á því. Innan-hússmetnaður okkar er að halda skekkjumörkum á framkvæmdakostnaði í ca. 5–10%, til eða frá, og hefur okkur tekist það að mestu leyti. Þá er það síðan alls ekki svo að framkvæmdir þurfi endilega að fara yfir áætlun, það er ekki síður algengt að þær endi undir áætlunum.“

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.verksyn.is Verksýn ehf. Síðumúla 1, 108 Reykjavík 517-6300 – verksyn@verksyn.is ■



Stykkishólmskirkja. Árin 2015–2018 var gert við/skipt um öll þök byggingarinnar. Auk þess voru framkvæmdar umfangsmiklar múr- og steypuviðgerðir á kirkjunni og hún máluð. Gluggar yfir kór kirkjunnar voru svo endurnýjaðir á síðasta ári.



Viðhaldsframkvæmdir við Rauðarárstíg 40–42. Endurnýjun flestra glugga hússins, gagnngerar múrviðgerðir og endursteinging, endurnýjun þaks, endurbygging þakkants, Endurnýjun niðurfallsröra.



Borgartún 6, öðru nafni Rúgbrauðsgerðin. Sumarið 2018 lauk framkvæmdum við umfangsmikil gluggaskipti á húsinu, bæði á bakhlið og austurgafli. Í framkvæmdinni voru settir ál/trégluggar í stað upprunalegra timbrglugga. Hringlaga gluggar þessara hliða voru endurnýjaðir með álgluggum.



Fjöleignarhúsið Veghús 31. Árið 2018 hafði Verksýn umsjón og eftirlit með glugga- og múrviðgerðum á húsinu, auk glerskipta og annars hefðbundins viðhalds á það. Loks var það málað.



Viðhaldsframkvæmdir við Fellsmúla 17–19. Álkæðning á útveggjum, endurnýjun og breyting á svalahandriðum, endurbætur á þaki, gluggaskipti, múrviðgerðir og málun.

LED HÚSNÚMER:

Geta bjargað lífum!

Hefur þú einhverntíma keyrt tvisvar sinnum framhjá húsi sem þú varst að leita að af því að það var svo illa merkt, jafnvel alveg ómerkt? Það er enginn vafi á að hús eru mun verr merkt í dag en þau voru hér áður fyrr.

Hagur allra að húsið sé vel merkt Það er líkt og einhver tíska hafi komist í landann að eyða ekki tíma eða fjármunum í merkingar, tíska sem hefur ekki náð að vinna nægilega vel gegn. Því það geta flestir verið sammála um að vel merkt hús eru grundvöllur þess að það sé auðvelt að rata. Ekki síst þegar kemur að því að panta leigubíl eða biðja um sjúkrabíl. Það segir sig sjálft að það er í hag sérhvers manns að húsið hans sé vel merkt.

Sérsmíðuð LED-húsnúmer

LED-húsnúmer er fyrirtaks lausn á þessu vandamáli. „Skiltin eru upplýst þannig að húsnúmerið sést úr

töluvert meiri fjarlægð en á hefðbundnum skiltum. Svo skemmir alls ekki fyrir hvað skiltin eru flott. Ég sérsmíða LED-ljósaskilti út frá óskum viðskiptavinarins. Ég geri bæði lítil skilti og stór skilti sem henta t.d. íbúðarhúsum og blokkum. Einnig er hægt að hafa nafnið á götunni með og húsnúmerið í tölum eða stafsett,” segir Böðvar Sigurðsson.

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðunni LED Húsnúmer
Sími: 775-6080
Netpóstur: ledhusnumer1@gmail.com ■

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
 • Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhusnumer
 Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

ERU HELLURNAR ÓHREIN GRÓÐRASTÍA?

Við hreinsum, söndum og húðum svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

HELLUHREINSUN.IS - S: 775 6080



LAGNIR OG LÓÐIR EHF.

Lagnavinna, jarðvinna og lóðavinna

Bjarni Ingvar Halldórsson, eigandi fyrirtækisins Lagnir og lóðir ehf., hefur gaman af vinnunni. Það kemur sér vel því hann rekur nokkuð umfangsmikla starfsemi í jarð- og lagnavinnu með litlum mannafla og vinnur mikið sjálfur. Bjarni vinnur fyrir byggingaverktaka, fyrirtæki og stofnanir, en mest fyrir einstaklinga – til dæmis þá sem þurfa að láta skipta um lagnir, helluleggja, tyrfa og/eða endurskipuleggja garðinn eða gera fínt í kringum sumarbústaðinn. Fyrir byggingaverktaka annast hann alla þá jarðvegsvinnu sem þarf að framkvæma áður en hús og önnur mannvirki eru byggð.

„Ég er með nokkra starfsmenn á sumrin en færri á veturna,“ segir Bjarni en töluverðan tækjabúnað þarf til að halda starfsemi hans gangandi: „Ég er með gröfur, vörubíla, sendibíla og svo ýmis minni tæki og búnað,“ segir Bjarni en töluverður kostnaður er við að endurnýja slíkan tækjabúnað svo vel sé og stundum þarf að gera við fram á nótt til að hafa öll tæki klár fyrir daginn.

„Ég er mjög mikið í drenlögnum, við mokum fyrir og skiptum um allar lagnir sem þarf, undir og við hús,“ segir Bjarni en lagnavinna getur orðið aðkallandi og er framkvæmd á öllum árstímum. „Það er verst ef það er mikil snjócoma eða mikið frost en annars getur þetta farið fram hvenær sem er.“

Lagnir og lóðir ehf. annast líka ýmis lagnaverkefni fyrir veitufyrirtæki og leggur og endurnýjar lagnir fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Styttist í vorverkin

Tíminn líður hratt, núna er kominn janúar og áður en við vitum af fer vorið að nálgast. Aðspurður hvaða verk sem tengjast hans starfsemi fólk ætti að huga að fyrir vorið segir hann:

„Vetur hér geta verið ansi umhleypingasamir og blautir þá verður fólk mjög oft vart við leka í kjöllum. Ýmist eru þá lagnir ónýtar eða það vantar drenlagnir í kringum hús – en það er algengt í gömlum húsum. Þegar drenlagnir eru ónýtar endurnýjum við þær og skiptum um allar lagnir sem þarf undir og við húsið, hvort sem um er að ræða fráveitu- eða neysluvatnslagnir. Fólk nýtir þá oft tækifærið og breytir staðsetningu niðurfalla, handlauga og klósetta. Þar sem vantar lagnir setjum við einfaldlega nýjar lagnir.“

Margir sem vilja umbreyta gördum sínum og lóðum leita til Lagna og lóða ehf. Bjarni segir gott að huga að slíkum verkefnum um leið og frost fer úr jörðu. Hann endurmótar garða, mokar fyrir



hellulögnum, sólpöllum og heitum pottum. Í sumarbústaðalöndum gerir hann vegi auk þess að umbreyta gördum og setja lagnir í og við sumarbústaði.

Verksvæði fyrirtækisins er allt suðvesturhorn landsins.

Nánar má fylgjast með starfseminni á Facebook-síðunni Lagnir og lóðir. Til að fá nánari upplýsingar eða tilboð í verk er hægt að hringja í Bjarna í síma 891-9120 eða senda tölvupóst á netfangið vaxandivandi@gmail.com ■





NÚS/NÚS:

Heiðarlegt handverk og náttúrulúxus frá Marokkó

Ein skemmtilegasta verslun á Íslandi, NúsNús, býður upp á gullfallegar vörur frá Marokkó. Verslunin er fjölskyldufyrirtæki í orðsins fyllstu merkingu. „Við erum í samstarfi við dóttur okkar, Birtu og Othman, manninn hennar, sem búa í Marokkó með tvenna tvíbura. Við kynntumst handverki Marokkómanna í gegnum þau og okkur datt í hug að Íslendingar kynnu einnig að meta þessa fallegu muni,“ segir Sigríður Þóra.

Með tvíburana á bakinu

Samstarfið byrjaði fyrir þremur árum þegar Birta og Othman ferðu um Marokkó þvera og endilanga með eldri tvíbura á bakinu. Þau fóru á milli framleiðenda og listamanna og fylgdust með þeim búa til fallega handgerða muni, sem einkenna marokkóska menningu. Við kolféllum fyrir handbragðinu, gerðum bein viðskipti við framleiðendurna og hófum innflutning á þessum dásamlegu vörum.“

Hamingjuverð!

„Allar vörur í versluninni eru handunnar úr náttúru efnum og það er dásamlegt að vera umkringdur svona fallegum og náttúrulegum vörum alla daga,“ segir Sigríður Þóra. „Okkar metnaður liggur í því að versla beint við framleiðendur. Það tryggir að handverksfólkið fái sanngjarnt verð fyrir vöruna. Þar sem við verslum flestallt milliliðalaust og leggjum eins lítið á og hægt er, þá náum við að halda verðinu sanngjörnu. Við köllum þetta „hamingjuverð“ því það er enginn að okra á neinum.“

100% náttúrulegar snyrtivörur

„Við flytjum einnig inn náttúrulegar olíur og krem frá Marokkó. Til að mynda 100% hreina arganolíu (Argania spinosa). Sjálf nota ég hana óspart enda má skipta henni út fyrir svo margar aðrar snyrtivörur. Hún virkar sem andlitshreinis, hárnæring, andlitskrem, líkamskrem og margt annað. Einnig erum við með 100% hreint sheasmjör, unnið úr hnetu sheatrésins (Vitellaria paradoxa). Hrein guðsgjöf fyrir þurra húð og exem.“

Að vökva húðina með kaktusfræjaolíu

„Svo má ekki gleyma kaktusfræjaolíunni. Hún er unnin úr fræjum kaktustegundar (Opuntia ficus indica) sem vex í Marokkó. Það er magnað að kaktusfræjaolían inniheldur 150% meira E-vítamín en t.d.



arganolía og því hentar hún einstaklega vel á húð sem er að eldast. Þegar þú berð olíuna á þig færðu þá tilfinningu að þú sért að vökva húðina. Þetta er kannski ekki skritið þegar maður hugsar til þess að kaktus er planta sem þarf að þola sífellda þurrka. Því þarf hann að vera sérlega rakadrægur.“

Nánari upplýsingar og vefverslun má finna á nusnus.is

Instagram: nusnusihus

Facebook: nusnusihus

Funahöfði 17a, 110 Rvk.

Sími: 566-8682

Netpóstur: nusnus@nusnus.is ■





FYRIRTAK:

Þjónar fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum um almennt fasteignaviðhald

Fyrtak málningarpjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára um allt almennt fasteignaviðhald. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem snerta viðhald og breytingar á fasteignum, jafnt að innan sem utan. Ámundi S. Tómasson málrameistari er framkvæmda- og verkefnastjóri Fyrirtaks en hann hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár.

Málning á bæði að verja og fegra

Reglulegt viðhald á fasteignum borgar sig. Málning er oftast en ekki eina vörnin fyrir veðri og vindum. Málning á bæði að verja og fegra. Utanhúss veðrast fletir hratt fyrir áhrif sólar, veðurs og vinds. Með reglulegu viðhaldi er hægt að verja fasteignina og koma í veg fyrir dýrar framkvæmdir eins og t.d. gluggaviðgerðir, viðgerð á steini og þaki. Fyrirtak vinnur eingöngu upp úr góðum málningarkerfum og farrið er eftir þeim kerfum sem reynst hafa best í íslenski veðrattu.

Fagmenn í öllum verkhlutum

„Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snyrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem varða viðhald húsa,“ segir Ámundi. „Við hjá Fyrirtak tökum að okkur allt almennt viðhald á fasteignum eins og t.d. gluggaviðgerðir og glerisetningu. Ef glugginn er farinn að fúna er nauðsynlegt að laga fúann áður en málað er. Við gerum við glugga með því að saga fúa í burt og setja nýtt fúavarið timbur í staðinn (sponsa glugga). Gluggaviðgerðir og glerisetning krefst mikillar nákvæmni og rétts handbragðs. Við bjóðum upp á þessa þjónustu og getum líka leiðbeint og aðstoðað.“



Þjónum fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum

Fyrirtak málningarpjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtækið tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt að

innan sem utan,“ segir Ámundi.

Fyrirtak málningarpjónusta ehf.

Sími: 770-7997.

fyrirtak@fyrirtak.is

www.fyrirtak.is

www.malrameistari.is





Vínyparket – viðhaldsfrítt og ótrúlega slitsterkt

Sigurður Hansson er dúkklagn-ingarmeistari og hefur unnið í því fagi í 30 ár. Undanfarnir 17 ár hefur hann auk þess rekið heildsöluverslunina Múrefni ehf. og hefur flutt inn múrefni og flotefni. Síðustu ár hefur fyrirtækið lagt aukna áherslu á sölu vínyparketefna sem hafa mikla og einstaka kosti, eru til dæmis afar slitsterk. En hvað eru vínyparketefni?

„Þetta er oftast kallað vínyparket og það nafn hæfir því best. Þetta er plastefni með viðaráferð eða náttúrusteinsáferð. Þetta er mjög eðlilegt og fallegt í útliti. Fólk trúir því varla að þetta sé ekki parket þegar það gengur á þessu. Þetta efni hefur margt fram yfir önnur gólfefni, það er til dæmis afar mjúkt að ganga á þessu. Það er ótrúlega slitsterkt og þarf ekkert viðhald. Gæludýr, atorkusöm börn eða háhælaskór eru engin ógn við vínyparketið.“

Að sögn Sigurðar fer notkun á þessum gólfefnum vaxandi:

„Þetta er ekkert nýtt undir sólinni, hefur verið til í mörg ár en er að ryðja sér meira til rúms. En í rauninni er þetta enn mjög vanúnytt gólfefni á Íslandi en er notað geysilega mikið erlendis. Til dæmis í stórum verslunum og annars staðar þar sem mikill umgangur er – en einnig á heimilum.“

Vínyparket þolir líka mjög vel raka og engin hættu er á myglu eða öðrum slíkum vandamálum.

Múrefni ehf. selur gólfefni frá enska framleiðandanum Design Flooring: „Þeir bjóða upp á gríðarlega mikið úrval af bæði litum og týpum. Allt frá ódýrustu týpum sem lögð eru í heimahús hjá fólki sem vill ekki eyða miklum peningum, og upp í dýrari týpur sem eru þykkari og með þykkari slithúð. Það er afar vítt svið í gæðum og verði og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Sigurður. Hann segir jafnframt: „Fólk lætur oftast leggja þetta fyrir sig en við erum líka með smellta týpu af þessum efnum, sem virka eins og smelluparket, og það er auðvelt fyrir fólk að leggja það sjálf. Þetta er allt frá tveggja



millimetra efni að þykkt sem er límt á gólfið og upp í átta millimetra, sem er lauslagt.“

Vínyparket hentar afar vel þar sem mikill ágangur er á gólfum, t.d. í verslunarrými og í öðrum fyrirtækjum, sem og á heimilum þar sem eru börn og gæludýr.

Múrefni ehf. býður einnig upp á hljóðdempanði gólfefni sem kemur sér vel á stöðum þar sem kyrrð þarf að ríkja, til dæmis á hótelum.

Afgreiðslutími gólfefnanna er mjög stuttur en ekki er hægt að vera með lager af vörum þar sem svo margvíslegar gerðir eru í

boði og hver velur efni við sitt hæfi.

Múrefni ehf. er staðsett að Flugumýri 34. Þar er til staðar sýningarsalur með gólfefnum og veitt er fagleg ráðgjöf við val á gólfefnum. Síminn er 517-9604. ■



SUÐULIST:

Stál er okkar fag

Suðulist er rótgróið og framsækið fyrirtæki sem býður upp á viðtæka þjónustu í hverju því sem viðkemur stáli og smíði úr því. „Við sérhæfum okkur í hönnun, sérsmíði og uppsetningu, hvort heldur er þá finsmíði eða grófsmíði fyrir einstaklinga, veitingastaði, verslanir og hvers konar fyrirtæki. Við þjónustum meðal annars mikið arkitekta og verkfræðistofur um ýmsar sérlausnir,” segir Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Suðulistar.

Allt frá ljósakrónum upp í virkjanir

Sem dæmi má nefna að Suðulist hefur komið nálægt flestum virkjunum og verksmiðjum síðustu áratugi og má þá helst nefna álverin í Straumsvík, Grundartanga, Reyðarfirði, Búðarháls-virkjun, Fljótsdalslínu og Járnbendið á Grundartanga. „Einnig höfum við flutt inn, og sett upp stálgrindarhús um allt land líkt og höfuðstöðvar Marel, höfuðstöðvar Lýsis og FH frjálsíþróttahús. Einnig erum við í hinum ýmsum sérsmiðum og að setja upp handrið, stiga, ljósakrónur, stál/gler skilveggi og hverju því sem viðskiptavinurinn óskar eftir.”

„Við leggjum mikinn metnað í starf Suðulistar og erum afar stolt af öllum þeim verkefnum sem við höfum tekið þátt í.”



Hafðu endilega samband ef þú vilt frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar á sudulist.is

Sími: 565-2911

Sendu fyrirspurn: sudulist@sudulist.is

Facebook: Suðulist ■





VEGGFODUR.IS
Einar Beinteins ehf.

Áralöng reynsla í uppsetningu og sölu. Þjóðum upp á mikið úrval frá hinum ýmsu framleiðendum

VEGGFÓÐUR:

Skemmtileg lausn í gráma hversdagsleikans

Ég er búinn að vera í veggfóðrun og dúkagningu í yfir fjórtíu ár og því búinn að víða að mér töluverðri reynslu í þessum bransa. Faðir minn og afi voru líka báðir í þessum geira þannig að ég er fulltrúi þriðju kynslóðar af veggfóðrum í fjölskyldunni. Því má segja að ég hafi reynslu af gömlum og nýjum vinnuaðferðum og efnum sem spanna yfir niutíu ár í sögu veggfóðrunar og dúkagningar," segir Einar Beinteinsson, dúkagn-ingar- og veggfóðursmeistari.

Skemmtileg lausn

„Við sérpöntum veggfóður fyrir viðskiptavinum og erum í viðskiptum við nokkra áhugaverða og skemmtilega aðila sem framleiða slitsterkt og fallegt veggfóður. Þessir aðilar eru mjög mismunandi og spannar úrvalið okkar allt frá hátískuveggfóðrum til veggfóðursframleiðenda sem hanna veggfóður með þrjú hundruð ára gömlum mynstrum. Svo erum við í viðskiptum við aðila sem býður upp á heilu myndirnar fyrir vegg. Hægt er að fá mynd af fjöllum, skógi vöxnu svæði, mynd af himninum, þotu eða hverju sem hugurinn girnist. Enn annar framleiðandi hjá okkur hanna veggfóður úr náttúruvefnum eins og basti og striga. Sérpöntun á veggfóðri tekur yfirleitt um það bil eina viku," segir Einar.

Ótrúlegir möguleikar með veggfóðri

Veggfóðrun er afar vanmetin en sérlega skemmtileg lausn þegar kemur að því að innrétta hús og gera íbúðir að sínum. „Ólíkt því sem margir halda þá er auðvelt að taka niður veggfóður, en þegar veggfóðrið er komið á þá eru fæstir í þeim hugleiðingum að taka það af," segir Einar.

Tískan á Íslandi í dag er afar stílhrein, sem er gott og blessað. En það er óneitanlega skemmtilegt að brjóta upp allt þetta svarthvíta þema með smá áferð eða mynstri á einum vegg til að koma með smá líf inn í húsið. Margir setja upp veggfóður á einn vegg kannski í stofunni eða í eldhúsinu, rétt til þess að brjóta upp rýmið. Svo eru möguleikarnir alveg óendanlega margir. „Við settum t.d. um daginn upp veggfóður með mynd af skóglendi í sturtu hjá einum og lökkudum yfir. Þetta kom alveg svakalega vel út. Með því að lakka yfir þá lokast veggurinn alveg fyrir rakanum frá sturtunni, líkt og um flisar væri að ræða. Einnig settum við upp veggfóður hjá einum á milli efri og neðri skápa í eldhúsinnréttingu. Svo lét hann sníða gler yfir. Glerið er smellið á þannig að það er auðvelt að skipta út veggfóðrinu," segir Einar.

Það er allt hægt og meira til með veggfóðri í dag enda afar fjölbreytilegur kostur fyrir þá sem langar að hafa fallegt í kringum sig.

Nánari upplýsingar má nálgast á veggfodur.is ■



VEGGFODUR.IS
Einar Beinteins ehf.

Áralöng reynsla í uppsetningu og sölu. Þjóðum upp á mikið úrval frá hinum ýmsu framleiðendum



VEGGFODUR.IS
Einar Beinteins ehf.

Áralöng reynsla í uppsetningu og sölu. Þjóðum upp á mikið úrval frá hinum ýmsu framleiðendum

HVASSAVÍK EHF:

Múrarar með reynslu og tilskipuð réttindi!



Hvassavík ehf. þjónustar hvort heldur er einstaklinga eða fyrirtæki og stofnanir um allt sem viðkemur múrverki. „Við sjáum um járnabindingu, byggingstjórnun og allt almennt múrverk. Sjálfur er ég múrarameistari með meira en fimmtíu ára reynslu í múrverki og lærði á sínum tíma hjá Steiniðjuni, S Helgason, ásamt því að hafa farið á ýmis námskeið erlendis. Þess vegna er ég líka í grjótinu, þ.e. legg flisar og náttúrustein,“ segir Róbert Kristjánsson.

Settu viðhaldið í áskrift!

Hvassavík ehf. hefur starfað við mörg stór verkefni sem og smærri verkefni. „Við bjóðum upp á sniðuga þjónustu fyrir einstaklinga eða húsfélög; að vera í svokallaðri áskrift á ástandsskoðun og viðhaldi á húsum og byggingum. Þetta getur verið sérstaklega sniðugt fyrir íbúa fjölbýlishúsa, til þess að koma í veg fyrir að húsið grotni niður vegna lélegs viðhalds og þurfa svo að þunga út miklum fjárhæðum, til þess að lagfæra eitthvað sem hefði verið hægt að gera tíu árum áður, fyrir helmingi lægri upphæð,“ segir Róbert.

Róbert mælir með að fólk hafi samband sem fyrst varðandi ástandsskoðun. „Það er best að byrja á þessu að vori til og nýta sumarið í þau verk sem þarf að klára fyrir næsta vetur. Svo ráðleggjum við um framhaldið, hvort það þurfi að huga að meira viðhaldi strax næsta vor, eða hvort það megi bíða einhvern tíma lengur,“ segir Róbert.

Múrarar með tilskipuð réttindi

„Það eru nú þegar einhver fyrirtæki á markaðnum sem bjóða upp á samþæfilega þjónustu, en það sem við höfum fram yfir marga aðra er að Hvassavík ehf. býr yfir gífullegri reynslu í múrverki, auk þess sem við erum allir með tilskipuð réttindi til þess að starfa við múrsmiði. Ég mæli ekki með því að fólk skipti við einstaklinga og eða fyrirtæki sem ekki eru með tilskilin réttindi. Múrarameistari er sá sem ber hvað



mesta ábyrgð á að bygging sé í lagi og ef fólk kann ekki til verka þá getur illa farið,“ segir Róbert.

Hvassahraun 27, 191 Vogar.
Netpóstur: hvassavik.ehf@gmail.com
Sími: 849-4423

Fáðu reynda múrara í verkið.
Múrarar með réttindi!
Flottar sturtur.
Aðstaða fyrir útigrill.
Flottur arinn.
Le Kock litur glæsilega út.
Hressir strákar! ■





SIGGAFERÐIR:

Flutningaþjónusta með litlum fyrirvara

Siggaferðir ehf. er flutningaþjónusta sem staðsett er á Selfossi og sérhæfir sig í vöruflutningum og dreifingu á milli Reykjavíkur, Selfoss og Hvalsvallar daglega. Eigendurnir, Sigurður Ingi Sigurðsson og kona hans, Gerður Hreiðarsdóttir, stofnuðu Siggaferðir árið 2011.

Starfsmannaferðir

„Einnig erum við með rútuakstur og höfum við t.d. verið að sinna starfsmannaferðum, steggjunar- og gæsunarhópum. Við erum með stóran hóp af föstum kúnum og þjónustum einnig fjöldann allan af einstaklingum í þessari miklu uppbyggingu sem er á Selfossi núna. Bílaflotinn samanstendur af átta flutninga- og sendibílum af öllum stærðum ásamt tveimur 20 manna rútum,“ segir Sigurður.

Allt frá einni skúfu upp í heila flugvél

„Bílarnir okkar fara tvisvar sinnum á dag til Reykjavíkur, bæði fyrir og eftir hádegis. Þakkarnir geta verið misjafnir, allt frá einni skúfu upp í heila flugvél. Þjónusta okkar byggist á því að reyna eftir fremsta megni að koma vörum til viðskiptavina okkar samdægurs.

Hægt er að leita til okkar um þjónustu með litlum sem engum fyrirvara og



með þessu erum við að gera Reykjavík og Suðurland að einu verslunarsvæði. Finnst fyrirtækjum og einstaklingum þessi þjónusta einstaklega þægileg.”

Hamarskot, Selfoss
Netpóstur: siggaferdir@gmail.com
Sími: 772-6010 ■





Viðhaldsfríar þakrennur og laufgildrur sem koma í veg fyrir skemmdir

Protektor-þakrennur eru þýsk hágæðavara en þær beyglast hvorki né ryðga. Þær eru framleiddar úr pvc-plasti og láta ekki á sjá í rýsjóttri íslenski veðráttu. Þessar viðhaldsfríu þakrennur þola UV-geisla og eru höggþolnar, þær hafa verið þolprófaðar. Rennurnar eru framleiddar samkvæmt DIN-staðli og passa því inn í flest gömul rennustæði.

Þ. Þorgrímsson hefur selt Protektor þakrennur í um tíu ár en þessi vara hefur verið á markaðnum í Þýskalandi í um þrjú áratugi. „Þær líta bara út eins og nýmálaðar hvítar rennur og eru alltaf fallegar að sjá,“ segir Þorgrímur Þór Þorgrímsson hjá Þ. Þorgrímsson.

Protektor-rennurnar eru til sölu í verslun fyrirtækisins að Ármúla 29. Verslunin er opin virka daga frá kl. 8 til 18. Protektor-þakrennur eru á hagstæðu verði og ávallt til á lager.

Laufgildrur koma í veg fyrir skemmdir

„Við erum með sýningarrennu hér á staðnum og því geta viðskiptavinir séð alla fylgihluti. Þar ber hæst laufgildrur sem eru mikið þarfabing. Það er hvítleitt vandamál varðandi þakrennur í dag að þær fyllast af laufi sem fýkur á haustin. Svo liggja laufin í skjóli rennunnar sem fyllist af þeim, síðan frýs í þessu og skemmdir verða á rennunni, blikkrennur beyglast og plastrennur brotna. En laufgildran liggur á rennunni eins og net yfir henni, þar lendir laufið, það þornar í fyrstu sólarupprás og fýkur síðan burtu. Rennan er því alltaf hrein og fín,“ segir Þorgrímur.

Laufgildrurnar er hægt að kaupa sér fyrir Protektor-rennur en þær



er geta mögulega passað á aðrar þakrennur með sama sniði og Protektor-rennurnar eru með. Er gildran þá einfaldlega klippt til svo hún passi á viðkomandi þakrennu en breidd á rennum er mismunandi.

Sjá nánar á vefsíðunni thco.is. Komdu við í Þ. Þorgrímsson að Ármúla 29, fáðu faglega ráðgjöf og nánari upplýsingar um framúrskarandi Protektor-þakrennur og laufgildrur. ■



P. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 - 108 Reykjavík - S: 512-3360 - www.korkur.is



LITLI KLETTUR:

Engin vandamál, bara verkefni sem þarf að vinna

Litli klettur er öflugt iðnaðarfyrirtæki sem sinnir margs konar erfiðum verkefnum sem snúa að steinslípun, múrbroti, kjarnaborun og fleiru. „Við erum með öflug verkæri og bora sem komast í gegnum hvaða vegg eða klöpp sem er. Við vinnum fjölbreytt verk sem fólk leitar til okkar með, enda er mottóið okkar að það séu engin vandamál, bara verkefni sem þarf að vinna. Við erum vanir að bretta upp ermarnar og erum síður en svo hræddir við að verða skitugir á höndunum,“ segir Guðbjartur Jónsson.



Nei, það er ekki kviknað í ...

Stærsti hluti steinslípunar er slípun á nýbyggingum, bæði á lofti og veggjum. Einnig þarf oft að slípa yfirborð í eldri húsum vegna breytinga eða annars. „Við höfum meðal annars slípað hraunaða, steinaða og málaða vegg. Enn fremur höfum við verið að slípa niður flísalím og ýmislegt annað eins og myglusvepp. Það getur komið töluvert af ryki við steinslípun og hér áður fyrr var stundum kallað í slökkviliðið út af öllu rykinu. Fólk hélt að það væri kviknað í húsunum. Í dag hefur tækninni fleygt fram og eru öflugar ryksugur nú orðnar staðalbúnaður hjá öllum okkar starfsmönnum. Slökkviliðsheimsóknur hefur snarfækkað í kjölfarið,“ segir Guðbjartur og hlær.

Fjölbreytt verkefni

„Við hjá Litla kletti erum vel tækjum búnir fyrir kjarnaborun. Við getum borað í loft, vegg og gólf algerlega óháð steypugerð og þykkt. Einnig erum við með margar gerðir af steypusögum. Gildir einu hvort þú þarft að taka fyrir nýjum glugga eða hurðargati, breikka glugga eða hurðargat – eða fjarlægja vegg, gólf eða svalir. Við sögum fyrir þig óháð

steypugerð og þykkt. Að auki fræsum við fyrir hita- og rafmagnsrörum og tökum að okkur rifverkefni á léttum veggjum, loftum, gólfum úr timbri, gífsi og vikri.“

Lítill en kröftug

„Við búum yfir margra ára reynslu af afar fjölbreytilegum verkefnum og til að geta verið í fremstu röð í okkar fagi þá höfum við fjárfest mikið í nýjum og góðum tækjum. Við erum meðal annars með sérlega öfluga rafmagnsgröfu sem er nógu lítill til þess að fara inn um venjulegar dyr, en nógu öflug til þess að brjóta upp þrjúskustu klappir sem venjulegar brotvélar bita ekkert á. Við notuðum hana t.d. í Smáralind til þess að brjóta niður í klöpp fyrir rafmagnsstiga.“

Hjá okkur starfa reyndir starfsmenn sem vinna verkin fljótt og vel. Eitt simtal og við mætum á staðinn og gefum góð ráð eða gott tilboð.

Nánari upplýsingar má nálgast á litliklettur.is
 Járnháls 5F, 110 Reykjavík
 Sími: 699-0355
 Netpóstur: lk@litliklettur.is
 Opíð er alla virka daga frá 8.00–17.00. ■





Svalalokun frá CoverIceland eykur verðmæti fasteignarinnar

Cover Aluproducts hefur verið frumkvöðull í hönnun á glerbrautaprófilum síðan 1985 og er kerfið orðið vel þekkt um allan heim. Cover er finnskt gæðafyrirtæki og hafa Íslendingar tekið vel við sér. Á aðeins þremur árum hafa verið sett upp um yfir sex hundruð svalir og sólstofur um allt land. „Við erum með glerhandriða lausnir fyrir verktaka með möguleika fyrir svalalokun fyrir kaupendur íbúða. CoverIceland býður einnig upp á kaup á heilum kerfum á afar hagstæðu verði,“ segir Þuríður Kristín hjá CoverIceland.

Öruggar og snjólausar tröppur

„Það nýjasta hjá okkur eru svo rennihurðir og glerkálur með þaki. Einnig er hægt að fá stök þök svo sem yfir tröppur og skýli við útidyr. Þá þarf ekki að moka snjóinn úr tröppunum,“ segir Þuríður Kristín.

■ Svalalokunarkerfi frá CoverIceland eykur verðmæti fasteignarinnar án þess að hækka fasteignagjaldið.

■ Minnkar hitatap.

■ Útilokar rigningu og snjó á svölunum. Það þarf ekki að moka svalirnar!

■ Hægt að setja upp eigið gróðurhús á svölunum þar sem rækta má blóm og grænmeti.

CoverIceland býður upp á hefðbundin svalalokunarkerfi og einnig sérhönnuð kerfi fyrir aðstæður þar sem krafist er sérstaks styrkleika vegna vindálags.

Hentar íslenskum aðstæðum

Cover hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður þar sem getur orðið ansi vindasamt, kalt og blautt eins og við höfum mörg hver fengið að reyna á eigin skinni bæði síðasta sumar og í vetur. Í dag gera byggingarreglur kröfur um sérstakt vindálagssþol svalahandriða og svalalokana við sérstakar landfræðilegar og ýmsar aðrar aðstæður því það hefur sýnt sig að héraendis geta vindhviður orðið afar snarpar og sterkar við sérstakar aðstæður. CoverIceland býður meðal annars upp á handrið og svalalokunarkerfi sem er sérstaklega hannað og þróað fyrir íslenskt veðurfar og er sérstaklega vindþolið. Þá er glerið allt að 20 mm. og 15 mm. í svalalokum. Bilum milli glerja er lokað með PVC-þéttillista sem kemur í veg fyrir að snjó og vatn komist inn. Þannig býður CoverIceland 100% vatns- og vindþétt svalalokunarkerfi.

„Cover-svalalokunarkerfin veita skjól allan ársins hring og lengja til muna þetta stutta sumar sem okkur á norðurhveli



jarðar býðst ár hvert. Þannig eykur Cover notagildi svalanna og jafnframt verðmæti fasteignarinnar,“ segir Þuríður Kristín.

Öryggi og hljóðeinangrun

Glerið sem notað er í Cover-kerfin er fjórum sinnum sterkara en venjulegt gler af sömu þykkt. „Öryggið felst í því að ef það brotnar þá molnar það í ótal litla mola í stað hvassra stærri brota í venjulegu gleri. Einnig geta glerjadar svalir með einföldu gleri minnkað hávaða að utan um 7 desíbel. Og ef um er að ræða 2500 Herz-hávaða þá minnkar hljóðið um 13,5 desíbel,“ segir Þuríður.

Hágæða kerfi

Hjólábúnaðurinn er eitt af aðalsmerkjum Cover-glerbrautarkerfisins en hjólalegurnar gera glerbrautarkerfið afar þægilegt í notkun. Hjólin eru jafnstór að ofan og neðan sem gerir það að verkum að Cover-svalalokunarkerfið er skröltfritt og glerflekinn er algjörlega njörvaður niður, sem er nauðsyn hér á landi. Glerflekarnir hanga ekki í efri braut heldur renna til á jafnstórum hjólum í efri og neðri braut sem tryggir jafnt álag og



útilokar glamur og stíðleika.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.covericeland.is CoverIceland ehf.

Auðbrekka 10, 200 Kópavogur
(+354) 519-7771 – 777-7001
covericeland@covericeland.is ■

FROST

DENMARK



NOVA2

NOVA2 hlutirnir eru einfaldir og stílhreindir. Sérían einkennist af hárfínnum smáatriðum, úthugsaðri og einfaldri fagurfræði sem byggð er á hreinum línum og sívölum formum.

Þessi sería fæst í burstuðu og fægðu ryðfríu sáli. Flestir hlutirnir eru framleiddir í sex útgáfum; Universal Brushed, Perfect Polished, Original Copper, Modern Gold, Pure White og Classic Black.



CLASSIC BLACK – FEGURÐ OG KRAFTUR MÆTIR FÁGUN.

Ruslminni lífsstíll

Amanda lifir í sátt við dýr og umhverfi

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Amanda da Silva Cortes er íslenskur bloggari, grænkeri og umhverfissinni, og starfar sem lyfjafræðingur. Amanda heldur úti vinsælum Instagram-aðgangi, @amandasophy, þar sem hún deilir með fylgjendum sínum ýmsum ráðum um hvernig hægt sé að lifa í sátt og samlyndi við dýrin og umhverfið og valda sem minnstum skaða.

DV ræddi við Amöndu um umhverfisvæna lífsstíllinn. Hún gefur lesendum sjö einföld og góð ráð til að byrja að minnka við sig ruslið.

Bæði á veraldarvefnum og erlendis er þessi lífsstíll þekktur sem „zero waste“, en Amanda segist ekki nota það hugtak því það sé nær ómögulegt að skilja eftir sig ekkert rusl.

„Ég kalla þetta ruslminni lífsstíll sem er ekki alveg „zero waste“, en margir telja ekki hægt að kalla þetta „zero waste“ því samfélagið hreinlega býður ekki upp á það. Þetta heiti býr til óraunhæfar kröfur og leiðir til þess að fólk þorir ekki að prófa sig áfram því það verður aldrei fullkomlið. Ruslminni lífsstíll snýst um að skapa minna rusl. Við lifum í einnota samfélagi þar sem allt þarf að gerast svo hratt, fólk hendir hlutunum strax og það kaupir nýja. Þau sem aðhyllast ruslminni lífsstíll vilja breyta því,“ segir Amanda.

Að flokka er ekki lausn

Hvenær byrjaðir þú að aðhyllast þennan lífsstíll?

„Ætli ég hafi ekki gert það fyrir alvöru fyrir um einu ári. Ég var byrjuð að spá í þetta fyrr og taka þessi fyrstu skref, eins og að fara með fjölnota poka í búðir og nota fjölnota kaffimál. Ég byrjaði að flokka rusl almennilega, en að flokka er ekki lausn, einungis plástur á sárið. Við þurfum að minnka sorpið sem fer í endurvinnslu,“ segir Amanda.

Af hverju ákvaðst þú að fylgja ruslminni lífsstíll?

„Þetta gerðist frekar hægt og rólega. En ég held þetta hafi gerst meðfram grænkeralífsstílnum,“ segir Amanda, en hún hefur verið grænkeri í um eitt og hálf ári. „Ég var að fræðast umhverfisáhrif

dýraafurðaiðnaðarins og í leiðinni datt ég inn á hvað allt er í raun fjöldaframleitt. Samhliða því að fara að spá í allt plastið og ruslið sem endar í hafinu, fór ég að spá í allan fatnaðinn sem lendir í urðun og er ekkert pláss fyrir úti í heimi.“

Hvaða ástæðu gefur fólk þér fyrir því að það lifi ekki ruslminni lífsstíll?

„Fólk á erfitt með að brjóta vana og hefðir. Fólk á erfitt með að trúa að einn einstaklingur geti haft áhrif og leitt til einhverra breytinga. Einn einstaklingur framleiðir svo ótrúlega mikið af rusli, eins og fatnaði sem er hent og tíðavörur. Ein manneskja hefur áhrif,“ segir Amanda. „Um leið og einstaklingur er opinskár varðandi þetta, tekur hann oft eftir því sem hægt er að gera betur. Fólk getur verið feimið við að vera öðruvísi. Ég legg mig fram um að mæta með mitt eigið ílát á skyndibitastaði eða bakarí og sýna það öðrum til að sýna að það er ekkert mál,“ segir Amanda

Þörf á fræðslu

Líður þér aldrei eins og þú sért ein í ómögulegri baráttu?

„Ég er alltaf að fara að nenna þessu. En jú, ég verð stundum óþolinmód og vil að þetta gangi hraðar. Ef ég tek eitt dæmi þá var ég að hlusta á FM957 á leið í vinnuna á mánudaginn. Strákarnir voru að ræða um umhverfisvænan lífsstíll og sagðist einn þeirra ekki ætla að fljúga í nokkra mánuði. Síðan spurðu þeir hvað meira þeir gætu gert til að verða umhverfisvænni og þá kom vandræðaleg þögn. Ég átti erfitt með mig, það er svo margt hægt að gera! Það er klárlega þörf á meiri fræðslu varðandi hvað fólk getur gert til að gera betur við umhverfið,“ segir Amanda.

Hvað getur fólk gert?

„Breyta öllu sem er einnota yfir í fjölnota. Nota fjölnota poka og kaffimál, kaupa það grænmeti sem kemur plastlaust, nota fjölnota grænmetisþoka en ekki litlu glæru plastpokana, keyra minna og taka strætó oftar, hjóla og ganga þegar veður leyfir og borða meira af heilnæmu plöntufæði. Dýraafurðaiðnaðurinn mengar meira en allar samgöngur heimsins samanlagt. Það er rosalega stórt skref að minnka dýraafurðir,“ segir Amanda.



Allir geta gert eitthvað

Í sambúð með kjötætu

Amanda og kærasti hennar, Birgir, hafa verið saman í fjögur ár og eru í sambúð. Birgir er hvorki grænkeri né umhverfissinni eins og Amanda. Aðspurð hvort það skapi togstreitu í sambandinu segir Amanda að það geti verið erfitt.

„Í fullri hreinskilni þá er að finna plastpoka heima hjá mér. Hann reynir að muna eftir fjölnota poka en kaupir stundum plastpoka. Mér finnst svo mikilvægt að fólk átti sig á því að það geti alveg verið grænkerar og stund að ruslminni lífsstíll þótt hinir í fjölskyldunni geri það ekki. Hver manneskja sem tekur sig á skiptir

máli,“ segir Amanda og bætir við: „Ég vil sýna fólki að þetta sé hægt. Ég geri það sem ég get og það smitar út frá sér til annarra.“

Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?


„Allir geta lagt eitthvað til mála. Allir geta gert eitthvað. Taktu þetta í skrefum og byrjaðu á einhverjum tveimur, þremur atriðum. Þegar þú ert orðin örugg með það getur þú byggt ofan á það. Þannig verður þetta að rútnu. Það er það sem ég gerði og í dag er þetta hvernig ég hugsar,“ segir Amanda.

„Jörðin færir okkur fæði, súr-efni og skjól. Við höfum alls ekki langan tíma til að komast hjá því að það fari allt í rugl.“ ■

Sjö einföld ráð Amöndu til að minnka rusl:

1. Fjölnota í stað einnota. Pokar, mál, ílát, bómullarskífur, hnifapör, rör, tíðavörur og fleira er til fjölnota.
2. Eldaðu meira heima og útbúðu nesti fyrir vinnuna eða skólann.
3. Notaðu bílinn minna, vertu samferða einhverjum, taktu strætó og hjólaðu eða gakktu meira.
4. Borðaðu meira af heilnæmu plöntufæði.
5. Farðu með ílát þegar þú ert að kaupa mat til að taka með á veitingastöðum og bakaríum. Amanda er alltaf með fjölnota poka og nestisbox á sér.
6. Kaupu meira notaðar flíkur og vörur.
7. Skiptu plastvörum út fyrir náttúrulegar trefjar þegar kostur er á. Til dæmis bambustannbursta og viðaruppþvottabursta í stað plastbursta.

Amanda mælir með þessum heimildamyndum: (Allar á Netflix)



12 ÁRA AFMÆLI CASTELLO
17. - 21. FEBRÚAR

ALLAR STÓRAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á 1890 KR.
*GILDIR BARA EF SÓTT

FYRSTU 200 FÁ FRÍA 2 L AF KÓK

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZYUR

WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

MUND: HANNA/DV

Aron Leví var rangfeðraður í átján ár

■ Snemma greindur með ADHD ■ Kynntist föðurfjölskyldunni í jarðarför ömmu sinnar ■ Stefnir á framtíð í stjórnmálum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þegar varaborgarfulltrúinn Aron Leví Beck var átján ára breyttist heimsmynd hans. Hann fór í faðernispróf og komst að því að maðurinn sem hann taldi vera föður sinn var

það ekki. Á einu bretti eignaðist hann nýjan föður og sex hálf systkini sem hann kynntist í jarðarför ömmu sinnar sem hann aldrei þekkti. DV ræddi við Aron um æskuna með ADHD, hið flókna fjölskyldumynstur, ástina og pólitíkina.

ADHD-krakki

Aron hefur alla tíð búið í Reykjavík en var alltaf með annan fótinn á Reyðarfirði þar sem hann á ömmu og afa. Fram að unglingsaldri bjó hann í Grafarvoginum og mjög snemma var hann greindur með ADHD. Móðir hans var leikskóla-

kennari og sá snemma einkennin. Í áttunda eða níunda bekk flutti hann í Langholtið.

„Það var mjög gott fyrir mig sem krakki með ADHD að skipta um umhverfi því ég var fastur í ákveðnum ramma. Ég var ekki óþekkur en ákaflega ör og átti mjög erfitt með að halda athyglinni. Ef ég hafði ekki áhuga á einhverju fór ég að trufla aðra. Eftir að ég kom í unglingsdeildina gekk mér vel í skóla og móðir mín á stóran þátt í því. Við gerðum samning um að ef ég næði þremur áttum í prófunum fengi ég bragðaref,“ segir Aron og brosir. „Það tókst alltaf.“

Á æskuárunum var Aron iðinn í íþróttum, æfði íshokki og var markvörður í landsliðinu. Hann segir að það hafi einnig hjálpað honum. Hann fékk bæði útrás við að vera hluti af heild en einnig að vera mikið einsamall á svellinu.

„Ég fékk að vera einn míns liðs en í liði. Ég þurfti ekki að vera að gefa á aðra og átti erfðara með að skilja leikkerfi þegar ég var lítill. Hausinn var úti um allt. Markverðir eru svolítið heilagir, það er eiginlega bannað að skamma þá en þeir geta orðið hetjur á vissum stundum.“

Hvernig voru unglingsárin?

„Ég var ekki vandræðaunglingur, en heldur ekki fyrirmyndardrengur. Ég var uppátækjasamur og það kom einu sinni fyrir að ég og félagar mínir vorum teknir á bíl áður en við höfðum aldur til að keyra. Lögga sá að ég var að keyra grunsamlega hægt. Eftir þetta var haldinn fjölskyldufundur.“

Aron fékk einnig snemma áhuga á tónlist. Hann spilaði á gítar, bassa og harmoníku. Seinna gekk hann til liðs við karlakórinn Fóstbræður.

Hvað langaði þig til að verða?

„Þegar ég var lítill vildi ég verða sjóræningi og var alltaf klæddur sem slíkur á öskudaginn. Þegar ég áttaði mig á því að það væri kannski ekki besti starfsvettvangurinn fór ég að fá áhuga á húsnum og byggingariðnaðinum. Strax í unglingsdeild byrjaði ég að handlanga í múrverki með pabba mínum. Síðan lærði ég húsamálun og eftir það byggingafræði í Háskólanum í Reykjavík.“

Átján ára í faðernispróf

Aron ólst ekki upp hjá föður sínum. Foreldrar hans höfðu verið kærustupar þangað til Aron var um eins árs gamall. Eftir það tók hún saman við stjúpfaður Arons en Aron var í góðu, en stundum rysjóttu, sambandi við föður sinn og tvo yngri hálfbræður. Sambandið jókst á unglingsárunum þegar Aron starfaði með föður sínum. En einn dag í matartímnum gjörbreyttist allt þegar faðir Arons bað hann að fara í faðernispróf.

„Þetta kom eins og þruma úr heiðskíru lofti,“ segir Aron. „Ég hafði ekki einu sinni heyrt þetta orð. Þegar ég kom heim hafði mamma heyrt af þessu og var svolítið stressuð. Ég spurði hana hvort hann væri örugglega pabbi minn og hún sagðist vera 99,9 prósent viss. Við ákváðum þá að fara í prófið.“

Niðurstaðan var sú að Aron og faðir hans, eða sá sem hann hélt að væri faðir hans, voru ekki mikið skyldir.

„Ég spurði mómmu þá hvort hún vissi hver væri hinn rétti og hún sagðist hafa einn í huga.“

Veistu af hverju þetta kom upp á þessum tíma?

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM
BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is

Ég spurði mömmu þá hvort hún vissi hver væri hinn rétti og hún sagðist hafa einn í huga

„Ég held að það hafi verið af því að ég var orðinn átján ára. Mögulega hafði pabba alltaf grunað þetta, en viljað klára sitt og ekki hlaupa frá. Það fannst mér svolítið sárt að hugsa um, að baklandið segði manni ekki allt.“

Kom þá í ljós að faðir Arons var Rúnar Þór Pétursson tónlistarmaður og líkindi þeirra leyndu sér ekki. Aron vissi þá ekki hver hann var en þekkti sum lögin þegar hann fór að kynna sér nýja pabbann.

„Þetta sagði mér á einhvern hátt að mamma hefði alltaf vitað þetta og það voru auðvitað blöndnar tilfinningar í spilinu. Auðvitað voru þetta mikil viðbrögð. Rúnar á sjö börn með sjö konum og ég eignaðist þarna sex ný systkini á einu bretti. En það var mjög gaman að hitta og kynnast öllu þessu fólki.“

Kynntist fjölskyldunni í jarðarför ömmu

Þegar Aron hringdi í Rúnar fékk hann að vita að amma hans væri nýlátin og jarðarförin yrði haldin brátt. Niðurstöðurnar úr þeirra faðernisprófi voru hins vegar ekki komnar.

„Hann sagði að ég þyrfti ekki að mæta. Kannski kæmi neikvætt út úr prófinu og ég yrði þarna staddur í jarðarför ókunnugra á mjög skýrtum forsendum,“ segir Aron kíminn. „En ég sagði honum að ég myndi mæta. Ef prófið yrði jákvætt myndi ég ekki vilja missa af jarðarför ömmu minnar. Ég sé svo sannarlega ekki eftir því að hafa mætt.“

Hvernig leið þér í jarðarförinni?

„Þetta var svolítið skrítið. Ég var þarna að hitta pabba, systkini mín og alla þessa ætt í fyrsta skipti. Ég hafði reyndar áður talað við eina systur mína sem er jafn gömul og ég og var því mestmegnis með henni í athöfninni. Allir vissu að ég myndi mæta og í erfidrykkjunni talaði ég við fólkið.“

Finnst þér leitt að hafa ekki kynnt henni?

„Já, en mér finnst verma að hafa ekki vitað af systkinum mínum, sem eru mörg nálægt mér í aldri. Að sama skapi ef ég hefði alltaf vitað þetta hefði ég aldrei kynnt hinum hálfbræðrum mínum. Það eru flóknar tilfinningar í spilinu og snýst ekki einungis um mig. Þegar ég var lítill fannst mér pabbi alltaf sterkastur og bestur og litlu bræður mínir litu upp til mín.“

Hefur samband ykkar breyst?

„Já. Þegar þetta kom upp hétum við pabbi því að þetta myndi ekki hafa áhrif á okkar samband. En þetta hefur áhrif, bæði á mig og hálfbræður mína. Ég finn samt ekkert nema ást og hlýju gagnvart þeim.“

Aron á einnig systkini samæðra og önnur uppeldissystkini. Hann stóð því uppi með þrjá fedur og systkinafjölda sem hann hefur varla tölu á. „Þau eru eitthvað um tíu,“ segir hann og brosir.

Gengur alltaf vel að útskýra þetta?

„Ekki alltaf. Það tekur alltaf tíma og fer eftir því hversu mótækilegur viðmælandinn er.“

Hvað varðar nýju fjölskylduna þá segir Aron að honum hafi verið tekið opnum örnum.

„Þau ólust öll upp hvert á sínum staðnum. Þar af leiðandi var



Barn á leiðinni Ómar Elí, Aron og Karítas fagna.



Rúnar Þór Tónlistarmaður um áratuga skeið.

þetta ekki eins og ég væri að koma inn í einhverja kjarna fjölskyldu.“

Ástin og nýtt hlutverk

Aron er í sambúð með söngkonunni Karítas Hörpu Davíðsdóttur. Hún skaust upp á stjórnuhimininn þegar hún sigraði í keppninni The Voice á Stöð 2, hún hefur síðan tekið þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins með Fókushópnum og stýrir nú Popplandi á Rás 2. Þau eiga nú von á barni saman en fyrir á hún son.

„Við kynntumst á Tinder fyrir nokkrum árum en þá bjó hún á Selfossi. Ég var einnig að stíga mín fyrstu skref í pólitík á þeim tíma, dagskráin var þétt og ég ekki með hugann við þetta. Síðan þá höfum við alltaf vitað af hvort öðru og verið vinir. Síðar meir fórum við að hittast meir og meir og þá small þetta.“

Þannig að ástin þróaðist frekar en að þetta væri ást við fyrstu sýn?

„Eiginlega, en ég var samt mjög skotinn í henni,“ segir Aron og brosir. „Við höfum bæði áhuga á tónlist og viljum skapa. Við erum bæði með okkar tímafrelu hobbí, ef svo má segja, sem er tónlistin hjá henni og pólitíkin hjá mér. Við erum bæði auk þess í dagvinnu en

Þegar þetta kom upp hétum við pabbi því að þetta myndi ekki hafa áhrif á okkar samband

styðjum hvort annað í því sem við viljum gera.“

Hvernig gekk að ganga inn í stjúpjödurhlutverkið?

„Þetta var örlítið erfitt til að byrja með fyrir okkur þrjú og við þurftum tíma til að aðlagast. Ég hafði ekki verið föðurhlutverki áður og fyrir hann var skrítið að sjá allt í einu einhvern karl kominn inn á heimilið. En þetta hefur gengið mjög vel, við erum góðir vinir og mér þykir rosalega vænt um hann. Hann á mjög góðan pabba sem hann er í góðum samskiptum við.“

Fyrir áramót var greint frá því að nýtt barn væri á leiðinni í vor hjá Aroni og Karítas. Karlaveldið mun þá vaxa enn frekar hjá fjölskyldunni.

„Við hlökkum auðvitað til en erum að sama skapi róleg yfir þessu. Karítas hefur gert þetta áður og allt gengið vel. Það getur verið að maður fari allur í keng og panikk þegar á hólminn er komið.“

Framtíð í stjórnárum

Aron er formaður Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík og var kjörinn varaborgarfulltrúi í sveitarstjórnarkosningunum í fyrravor. Hann segir að áhuginn á stjórnárum hafi kviknað á háskólaárunum og út frá bygginga- og skipulagsfræðunum.

„Ég hef alltaf borið jafnaðarmennskuna fyrir brjósti en varð ekki yfirlýstur jafnaðarmaður fyrr en seint. Ég trúi því að saman byggjum við gott samfélag og að allir eigi að fá sömu tækifærin. Umburðarlyndi gagnvart öllum skiptir mig miklu máli.“

Aron er í fullu starfi sem byggingafræðingur hjá arkitektastofu en auk þess starfar hann í ráðum og nefndum hjá borginni. Innan borgarkerfisins hefur hann aðallega fengist við skipulagsmál og menningarmál. Einnig aðgengismál fatlaðra.

Stefnir þú á að gera stjórnárin að langtíma starfi?

„Ekki spurning,“ segir Aron án þess að hika. „Að sama skapi hef ég ástríðu fyrir því sem ég er að gera í vinnunni líka og er því ekkert að drífa mig. Það er draumurinn að gera stjórnárin að fullu starfi en ég hef ástríðu fyrir

minni faggrein svo ég nýt þess að geta tvinnnað þetta saman núna.“

Skipulagsmálin brenna hvað heitast á Aroni en einnig almenningssamgöngur.

Þetta eru mjög mikil hitamál þessa dagana og meirihlutinn verið gagnrýndur harkalega. Til dæmis vegna braggamálsins og útilistaverksins Pálmatré.

„Þetta getur tekið á. En að sama skapi hef ég mikla trú á þeim málum sem ég stend fyrir. Maður er aldrei sammála öllum ákvörðunum sem teknar eru, en stóra myndin er mjög skýr. Það er mikil samstaða í meirihlutunum og almennt lítið af stórum ágreiningsmálum.“

Hefur almannafé verið notað á skynsamlegan hátt?

„Já, en mál eru oft blásin upp. Til dæmis hvað varðar braggann, því fer fjarri að hann sé fyrsta verkefnið sem fer fram úr áætlun á Íslandi. Mér finnst oft að minnihlutinn, sem hefur hvað hæst, hafi engan áhuga á borgarmálum sjálfum. Þau hugsi aðeins um að sprengja meirihlutann upp og komast sjálf að. Í stað þess að koma málefnalega fram og ræða saman. Þetta getur verið ljýjandi og tafið verkefni.“

Reykjavík hefur verið að byggjast mjög hratt upp eins og við sjáum hér í miðborginni. Er þetta að gerast of hratt?

„Nei, ég tel ekki svo vera. Breytingin núna er að við erum að byggja inn á við en ekki alltaf ný og ný úthverfi. Þetta gerir það að verkum að þjónustan verður betri og hagkvæmari. Í dreifðri byggð er til dæmis ómögulegt að halda uppi almennilegu samgöngukerfi þar sem þéttleikinn er svo lítill. Strætisvagnar þurfa að keyra langt og það þarf að malbika allar göturnar. Við þéttingu byggðar er auðveldara að halda öllum innviðum í lagi. Það er ennþá margt eftir óunnið og það þarf að þetta byggðina enn frekar í úthverfunum. Til dæmis í Grafarvogi sem hefur ekki verið að endurnýja sig. Þar þurfti til dæmis að loka unglingsdeildinni í Hamraskóla og færa krakkana yfir í Foldaskóla af því að þeir voru svo fáir.“ ■


BORÐPLÖTUR OG SÓLBEEKKIR

Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins

Fanntófell

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is

Tímarvélín



Gamla auglýsingin

Morgunblaðið 16. apríl 1920

Vinnumaður í Bárðardal kæfði verðandi barnsmóður sína

■ Vildi ekki giftast ■ Fyrirfór sér fyrir aftökuna

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



H austið 1891 fannst lík Guðfinnu Jónsdóttur við Svartárvatn í Bárðardal. Guðfinna var þunguð eftir Jón Sigurðsson, vinnumann á öðrum bæ, og hafði fengið fararleyfi til þess að hitta hann þremur dögum áður. Grunur lék að Jón hefði myrt Guðfinnu og játaði hann ódæðið eftir rannsókn málsins. Jón var einn af síðustu Íslendingum sem voru dæmdir til dauða og var fluttur í jarnum til Kaupmannahafnar. Þar náði hann hins vegar að sleppa við gálmann með því að fyrirfara sér í klefanum með því að berja höfðinu utan í vegginn.

Punguð eftir yngri mann

Guðfinna Jónsdóttir var 33 ára gömul, vinnukona á bænum Svartárkoti í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu. Vorið 1891 varð hún þunguð eftir mun yngri mann, hinn 21 árs gamla Jón Sigurðsson, vinnumann á bænum Mýri í sömu sveit, en þau voru ekki trúlofuð. Höfðu þau verið vinnuhjú í Svartárkoti í tvö ár frá vorinu 1889 til 1891.

Þann 12. september, þegar meðgangan var nærri hálfnuð, kom Jón að Svartárkoti og vitjaði Guðfinnu. Hann gisti á bænum um nóttina og húsfólk sá að hann talaði einslega við hana í bað-

stofunni um morguninn áður en hann hélt á brott. Guðfinna var ákaflega glöð í bragði og sagði heimilisfólkinu að Jón hefði verið óvanalega hlýlegur við hana í heimsókninni.

Þennan sama dag ræddi Guðfinna við húsmóðurina og bað um fararleyfi um daginn. Húsmóðirin var treg til, en þá var slæmt veður og mikið hvassviðri. Hún lét þó tilleiðast og Guðfinna bjó sig samtundis til fararinnar, skipti um föt og batt klút um höfuð sér.

Undarleg hegðun

Jón hafði farið frá Svartárkoti og inn að Víðikeri þar sem réttir voru í gangi. Átti sumt af fénu að fara á bæ handan við Skjálfandafljót og bauðst hann til þess að reka það. En hann sagðist fyrst þurfa að sækja tvær kindur sem hann sagðist hafa séð við Svartá.

Reið hann greitt í burtu einn síns liðs og hitti samferðamenn sína í rekstrinum klukkutíma síðar við fljótið. Engar kindur var hann hins vegar með, en var auglýsinga blautur. Um leið og hann mætti þeim tók hann eina kind úr hópnum og óð með hana út í fljótið. Tóku samferðamenn hans sérstaklega eftir þessu undarlega athæfi. Þegar á leiðarenda var komið reið Jón umsvifalaust heim til sín að Mýri.



Svartá í Bárðardal. Lík Guðfinnu fannst á grynningunum.

Líkið á grúfu

Um kvöldið tók heimilisfólkið í Svartárkoti eftir því að Guðfinna hafði ekki skilað sér heim úr leyfinu. Þótt hún væri í sambandi við mann á öðrum bæ fannst fólkinu undarlegt að hún hefði gist annars staðar en heima hjá sér án þess að láta vita. Önnur vinnukona á bænum og góð vinkona Guðfinnu hafði illan grun um að eitthvað hefði komið fyrir hana og hélt snemma af stað næsta morgun til að leita hennar.

Vinkonan kom hins vegar tómhent heim um kvöldið og hafði Guðfinna þá ekki skilað sér. Var þá safnað í þrettán manna sveit til að leita hennar morguninn eftir. Leitinn bar hins vegar sama árangur.

Þann 16. september fannst Guðfinna loksins, látin í Svartá. Líkið lá á grúfu á grynningunum

Stokkhúsið Alræmt fangelsi í Kaupmannahöfn þar sem Íslendingar voru oft sendir í afpláun.



og flaut ekki yfir það. Var hún þegar færð í Svartárkot og húsbóndinn útvegaði kistu fyrir hana.

Þótti fólk þetta fráfall ansi grunsamlegt og töldu sumir að um morð væri að ræða. Riðið var að Héðinshöfða á Tjörnesi þar sem Benedikt Sveinsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslum, bjó, og honum skýrt frá málavöxtum. Benedikt sendi erindi til amtmanns og reið svo að Svartárkoti. Þorgrímur Johnsen, héraðslæknir á Akureyri, var sóttur til þess að kryfja lík Guðfinnu þann 24. september.

Viðstaddur krufninguna

Grunur féll snemma á Jón, ástmann Guðfinnu. En aðrir fjárleitarmenn voru yfirheyrðir af Benedikt á undan Jóni. Benedikt og Þorgrímur ákváðu að best væri að Jón yrði viðstaddur krufninguna. Var því krufningunni frestað þar til Jón hafði verið sóttur.

Þegar Jón kom að Svartárkoti hafði lík Guðfinnu verið þvegð og lagt á fjalar. Þorgrímur byrjaði að skera og varð Jóni auðsýnilega brugðið við þessa sjón. Hann reyndi þó að halda stillingu sinni. Var höfuð hennar, brjósthol og kviður opnaður og eftir það sagði Þorgrímur að hún hefði dáið köfnunardauða. Ekkert vatn var í lungunum og því hefði hún verið kæfð áður en hún endaði í ánni. Var Jóni síðan sleppt.


Kæfði hana með vettlingi

Benedikt reið þangað sem líkið hafði fundist. Hann spígsporaði um og fann spor eftir karlmannsskó örlítið ofar við ána. Var lögum sporsins nokkuð einkennileg og skar Benedikt það út úr jarðveginum til að taka með sér.

Það var á þessum tímamarki sem Benedikt sendi skrifara sinn að Mýri til að handtaka Jón til að mæla þann skó er hann hafði klæðst umræddan dag. Passaði skórinn eins og flís við rass og var Jón færður í varðhald á Húsavík í kjölfarið.

Ekki leið langur tími uns Jón viðurkenndi að hafa myrt verðandi barnsmóður sína. Hafði það gerst á þessum klukkutíma sem hann brá sér frá fjárrekstrinum. Athæfið undarlega var til að reyna að fela útganginn á honum fyrir félögnum.

Jón viðurkenndi að hafa beðið Guðfinnu að koma á þennan stað.



Benedikt Sveinsson Sýslumaður sem sá um rannsókn málsins.

Þegar hún heilsaði honum gekk hann beint að henni, yfirbugaði hana og stakk vettlingnum sínum ofan í kokið á henni. Síðan lokaði hann fyrir nef og munn með höndinni þar til hún gaf upp andan. Flegði hann þá líkinu í ána og reið aftur af stað.

Í yfirheyrslu kom fram að Guðfinna hefði gengið mjög á eftir Jóni, en hann orðið henni afhuga. Ástæðuna fyrir morðinu sagði hann vera að þau hefði verið „ólík í lund“ og hann var hræddur um að foreldrum hans myndi ekki hugnast ráðahagurinn. Þegar hann hafi beðið hana að slíta sambandinu hafi hún verið ófús til þess og tekið af honum hjúskaparloforð. Sagðist hann þó aldrei hafa sagst ætla að giftast henni. Taldi hann að eina ráðið til að losna við Guðfinnu væri að drepa hana. Viðurkenndi hann að hafa ákveðið þetta þremur vikum áður en hann lét til skarar skriða.

Fyrirfór sér í fangaklefanum

Var málið talið fullrannsakað. Þann 12. október þetta sama ár var réttáð yfir Jóni og hann fundinn sekur um morðið. Var hann dæmdur til dauða og sá dómur staðfestur af Hæstarétti tveimur árum síðar.

Síðasta aftakan á Íslandi var framkvæmd árið 1830 í Húnavatnssýslum en dauðarefsingin var í lögum í tæpa öld eftir það. Jón var því fluttur út til Kaupmannahafnar til þess að taka út sína refsingu. Snemma árs 1893 bárust fregnir af því að ekki hefði tekist að taka hann af lífi. Jón hafði fyrirfarið sér í fangaklefa sínum með því að berja höfðinu utan í vegg. Sagt var „hausinn molaðist og heillaslettur fóru út um allt herbergið.“ ■

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



ÁLYAK

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

Guðmundur Örn

missti stöðuna eftir tal um djöfulinn

Sóknarnefnd á Seltjarnarnesi sagði af sér

Guðmundur Örn Ragnarsson var nýlega gestur í Paradísarheimt, þætti Jóns Ársæls Þórðarsonar á RÚV. Þar vakti hann undrun og hneykslun margra vegna tals um „kynvillulög“, það er um giftingu samkynhneigðra. Fyrir tæpu ári kom hann landsmönnum spáskt fyrir sjónir þegar hann tók viðtal við Eypór Arnalds, oddvita Sjálfstæðismanna í Reykjavík, og sagði hann útvalinn af guði. Skoðanir Guðmundar hafa lengi verið á skjön við flesta landsmenn. Fyrir tæpum þrjátíu árum missti hann stöðu sína hjá Þjóðkirkjunni en þá hafði hann predikað eld og brennistein yfir grandvörum borgurum á Seltjarnarnesi.

„Satan er raunverulegur og okkur stafar hættu af honum, því er nauðsynlegt að forðast áhrif hans og veldi.“ Þetta sagði Guðmundur í viðtali við DV í október árið 1990. Þá var hann svokallaður farprestur og starfandi á Seltjarnarnesi til nokkurra mánaða.

Myrkrhöfðinginn í nýaldar-guðfræðinni og Lionsklúbbum


Guðmundur hafði gegnt stöðu farprests í sex ár og leysti sóknarprestinn af vegna barneignarleyfis. Áður hafði hann starfað í samantlagt sex ár á Raufarhöfn. Á þessum tíma voru messur Guðmundar farnar að valda nokkru fjaðrafoki og þótti mörgum boðskapur hans ansi harkalegur. Meðal annars sem hann sagði sóknarbörnum á Seltjarnarnesi var að hætta félagslífi, til dæmis í Lionshreyfingunni, ef það kom í veg fyrir kirkjusókn.

Guðmundur er af prestaættum en varð að eigin sögn ekki kristinn fyrr en hann fór í guðfræðideildina. Hann hafði aðeins trú á guð en ekki Jesú sjálfan og á því væri mikill munur. Vildi hann meina að „nýguðfræði“ sem boðuð hefði verið á fyrri hluta 20. aldarinnar væri um að kenna að margir ættu erfitt með að setja Jesú á oddinn. „Hún varð meðal annars til þess að það hefur orðið feimnismál meðal þjóðarinnar að tala um djöfulinn. Nýguðfræðin taldi að djöfullinn væri ekki til og það var talað um „helvítispredikara“ í frekar niðrandi merkingu fyrir það eitt að nefna myrkrhöfðingjann á nafn.“ Nauðsynlegt væri að þekkja óvininn sem birtist okkur á ýmsan hátt, til dæmis í nýaldarhreyfingunni.

Þó að Guðmundur væri starfandi innan Þjóðkirkjunnar hafði hann komið fram hjá ýmsum kristnum söfnuðum. Til dæmis kaþólikkum, hvítasunnumönnum, Hjalpræðishernum, Veginum og fleirum. Einnig var hann tengdur komu bandaríks sjónvarpspredikara og trúði innilega á áhrifamátt þess miðils sem svo mikið er notaður í Bandaríkjunum.

Fötlun er refsing frá guði

Tal Guðmundar um djöfulinn var



Guðmundur Örn
Predikaði eld og brennistein yfir Seltirningum.

„Satan er raunverulegur og okkur stafar hættu af honum

ekki það eina sem fólki stóð stuggur af. Hann talaði harkalega gegn fóstureyðingum og lenti upp á kant við sóknarnefnd vegna barnastarfs. Sóknarnefnd kom saman til að fjalla um málið. Þá var erindið einnig sent til Ólafs Skúla-sonar, biskups Íslands. Þá skrifaði séra Gunnar Kristjánsson, á Reynivöllum, harðorða grein gegn Guðmundi í Kirkjuritíð og nefndi að sögusagnir væru uppi um að Guðmundur kenndi fermingarörnum að fötlun væri refsing frá guði og að blessun guðs kæmi fram í góðu heilsufari.

Fór svo að sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju sagði af sér vegna deilunnar um messutímann. Þá var biskup í algjörum vandræðum með málið sem þótti líklegt til að kljúfa Þjóðkirkjuna í tvær fylkingar. Það voru jú einnig prestar sem komu Guðmundi og hans sjónarmiðum til varnar. Lauk deilunni með því að embætti farprests var lagt niður og Guðmundi ekki boðin önnur staða innan Þjóðkirkjunnar. Stofnaði hann í kjölfarið eigið trúfélag, Messías, og varð síðar vel þekktur sjónvarpspredikari á Ómega. ■



Hvítá Tók líf heillar fjölskyldu á þrjátíu ára tímabili.

Foreldrar og barn drukknuðu á sömu slóðum en ekki á sama tíma

Um miðja átjándu öld giftist Páll Þórðarson Dagrúnu Jónsdóttur. Bæði voru þau tengd Skálholtssetrinu. Hann var sonur staðarráðsmannsins en hún systir skólameistarans. Árið eftir giftinguna kom barn undir hjá hjónunum.

Dagrún var ófrísk heima þegar Páll reið frá Skálholti til að sækja brúðkaupsveislu hjá Einari Jónssyni að Hjálmholti. Þegar þeir komu að ferjustaðnum var þar enginn en Páll vildi ólmur komast yfir. Hann reið út í ána og drukknaði þar.

Dagrún fæddi son sem fékk nafnið Gísli og sótti skóla í Skálholti. Eitt sinn var hann á leið til Skálholts og kom að Spóastöðum þar sem ferjað var yfir Brúará,

sem sameinast Hvítá fyrir sunnan Skálholt. Líkt og faðir hans varð hann þreyttur á að bíða eftir ferjumanni, reið í ána og drukknaði. Lík Gísla fannst hins vegar aldrei.

Eftir að hafa misst bæði eiginmann og einkason á þennan hátt mætti halda að Dagrún sjálf forðaðist ána. Árið 1778 reið hún við þriðja mann frá Auðsholti til Skálholts til þess að sækja kirkju. Var Hvítá þá frosin en ísinn veikir. Unglingspiltur komst gangandi yfir ána en þegar Dagrún gekk á eftir honum brotnaði ísinn og hún féll í vök. Samferðafólki hennar tókst ekki að bjarga henni upp úr vökinni og drukknaði hún því þar líkt og Páll og Gísli. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Undarlegir hlutir fyrir eftirlífið

Að taka eitthvað með sér í gröfina er orða-tiltæki um að halda leyndarmáli til dauðadags. Sumir hafa þó bókstaflega tekið hluti með sér í gröfina. Þetta þekktist á Íslandi í heiðni. Fólk tók með sér veraldlega hluti til þess að nota í eftirlífinu. Faraóarnir egypsku tóku með sér mikið af gössi í gröfina. Enn þá tíðkast að setja táknræna hluti í gröf hins látna. Hér eru nokkur dæmi um það.

Hvaltönn forsetans

Morðið á forsetanum John F. Kennedy, árið 1963, var mikið áfall fyrir bæði bandarísku þjóðina og alla heimsbyggðina. Hann var aðeins 45 ára gamall þegar hann var skotinn úr launsátri í Dallas.

Kennedy tók ýmsa hluti með sér í gröfina. Þar á meðal 30 sentimetra langa hvaltönn sem Milton DeLano, listamaður og borgarstjóri

Denver, hafði skorið tákn forsetaembættisins út í á 19. öld.

Kennedy safnaði tönnum, sér í lagi úr hvölum sem höfðu verið veiddir af hvalveiðimönnum frá Nýja-Englandi.

Í gröf Kennedy voru einnig sett bréf frá forsetafrúnni, Jackie, og sonum hans tveimur, skyrtuhnaðar úr gulli og bindisnæla.



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Gervisykur og iPhone

Ferill leikarans Tonys Curtis spannaði sextíu ár. Hann skildi einnig eftir sig sex börn og sex eiginkonur en hann lést árið 2010 úr hjartaáfalli, 85 ára að aldri.

Ekkja hans, Jill Vandenberg, sá til þess að hann færi ekki tómhentur í eftirlífið. Hann fékk með sér ökuhanska, medalíur úr sjóhern-

um, skó barnabarnsins, líkan af Ford-bifreið, DVD-mynd, hjartapillu, gervisykur, málningarbursta og -túpur, sólgleraugu, gyðingahatt, ösku heimilishundsins og síðast en ekki síst iPhone-símamann sinn.



Pakki af Camel og flaska af Jack

Söngvarinn, leikarinn og eilífðartöfvarinn Frank Sinatra lést 82 ára að aldri vorið 1998 úr hjartaáfalli. Var hann í kjölfarið jarðaður í Beverly Hills að viðstöddum 400 manns og þúsundir aðdáanda stóðu fyrir utan kirkjuna.

Sinatra var klæddur í blá jakka-föt og í kistuna voru settir táknrænir munir fyrir ævi hans. Með-

al annars pakki af Camel-sígar-ettum, Zippo-kveikjari, uppáhaldskaramellurnar og minturnar hans, bangsi, hundakex og flaska af Jack Daniels viskí.

Jack Daniels hefur allar götur síðan notað Sinatra í auglýsingar sínar og meira að segja framleitt sérstaka tegund, Sinatra Select.




Búningur Drakúla

Ungverski leikarinn Bela Lugosi gerði Drakúla greifa ódauðlegan í samnefndri Hollywood-kvikmynd frá árinu 1931. Hann hafði áður leikið transylvanísku blóðsuguna á sviðinu á Broadway.

Lugosi lést úr hjartaáfalli árið 1956, 73 ára að aldri, og var jarðaður í Kaliforníu. Sagan segir að Lugosi sjálfur hafi beðið um að verða jarðaður í Drakúla-búningnum sínum, með skikkju og öllu, og var það gert.

Síðar kom í ljós að leikarinn hafði ekki beðið um það heldur var það ákvörðun sem eiginkona hans, Lilian, og sonur hans, Bela George Lugosi, tóku.



Hágæða blautfóður frá Þýskalandi

25%

afsláttur

Margar bragðtegundir
Hentar vel fyrir matvanda



gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Fótbolti og spliffa

Reggíkóngurinn Bob Marley lést úr krabbameini aðeins 36 ára gamall í borginni Miami í Flórída árið 1981. Líki hans var flogið heim til karabísku eyjunnar Jamaíku og hann jarðaður nálægt fæðingarbæ sínum, Nine Mile.



Margir vita að Marley var jarðaður með gítarnum sínum, af gerðinni Les Paul. En það voru fleiri hlutir settir í gröfina að hans eigin ósk. Það voru fótbolti, ein jóna af kannabis, Biblían og hringur sem hann fékk að gjöf frá prins Eþíópíu.

Snókerkjuði og hjólsög

Hinn norsk-breski Roald Dahl var einn allra vinsælasti barnabókahöfundur 20. aldarinnar. lét hann eftir sig verk á borð við Kalla og sælgætisgerðina, Matthildi og Nornaseið. Hann lést árið 1990 úr krabbameini, 74 ára að aldri.

Það kemur fæstum á óvart að súkkulaði hafi verið sett í gröf Dahl, enda var hann með það á heilanum. Hann dreymdi um að eiga og starfa í súkkulaðiverksmiðju.

Það sem kann að koma fólk á óvart er að í gröfina var einnig sett snókerkjuði, rauðvín, blýantar og hjólsög.



VIÐ TÖKUM ÞÁTT Í LÍFSHLAUPINU



Landskeppni
í hreyfingu



Lífshlaupið



REYKJANESBÆR



endurhæfing
þekkingarsetur
Traust, virðing, þekking, gæði



advania



MYNDIR: HANNA/DV

Brandur er spenntur að stíga út fyrir þægindarammann.

Óvissuför Brandur

■ Framtíðarfræðingur lamaðist vegna bakteríu ■ Ætlar í óhefðbundna endurhæfingu í Nepal ■ Fjarlækningar eru framtíðin

Erla Dóra
ertadora@dv.is



Brandur Karlsson er metnaðarfullur frumkvöðull sem ætlar sér stóra hluti. Hann kallar sig framtíðarfræðing, þar sem hann er stöðugt að horfa til framtíðar og leita lausna til að gera

framtíðina betri. Fyrir um áratug lamaðist hann frá hálsi og niður en hann lætur þær takmarkanir sem lömuninni fylgja ekki stöðva sig.

Þann 7. mars heldur hann af stað í för sem gæti breytt lífi hans. Áfangastaðurinn er Nepal en þar ætlar hann að leggja stund á og kynna sér óhefðbundna endurhæf-

ingu og kanna hvort grundvöllur sé til staðar fyrir Ísland og Nepal að læra hvort af öðru.

Blaðamaður hitti Brand og föruneyti, á köldum mánudagsmorgni á Kjarvalsstöðum.

Væri líklega í öndunarvél í dag“

Fyrir um áratug breyttist Brandur

úr heilbrigðum, ungum manni í lamaðan mann sem þurfti að notast við hjólastól. „Það gerðist mjög hægt. Ég fékk líklega einhverja bakteríu sem hefur komist inn í heilastofninn minn og valdið einhverjum skaða. Svo er þetta svona í bland, skaðinn og rýrnunin sem kemur af því að vera hreyfingalaus í svona langan tíma, sem gerir mig lamaðan.“

Læknar vita þó ekki alveg hver ástæða veikindanna var, en hreyfistöðvar heilans eru óskemmdar, skaðinn er bundinn við heilastofninn. „Í segulómun þá sést smá upplýsing, grátt svæði á heilastofninum sem passar við einkenni mín. Ég er í rauninni heppinn og óheppinn því ef þetta hefði verið aðeins stærra þá hefði þetta farið inn í öndunarstýringuna. Þá væri ég líklega í öndunarvél í dag. En maður lærir að meta það sem maður fær í lífinu.“

Fullkomin hetjusaga

Með Brandi í för verða kvikmyndagerðarmennirnir Logi Hilmarsson og Christian Elgaard, sem reka saman fyrirtækið Vanaheim. Þeim kynntist Brandur í gegnum samfélagstengd verkefni. „Brandur var löngu búinn að áætla að fara til Nepal eða einhvers annars lands í Asíu og var alltaf að tala um að við kæmum með honum til að taka hann upp,“ sagði Logi. Skyndilega gerði Logi sér grein fyrir að þarna væri á ferðinni einstök saga.

„Þarna höfum við fullkomna hetjusögu þar sem hetjan stígur út í óvissuna og þar er einhvers konar kennari úti sem tekur á móti honum. Hann er að fara að reyna að gera góða hluti, breyta til og breyta sjálfum sér í leiðinni. Þá vorum við komnir með sögu, þótt við vitum

ekki enn hvernig hún endar, við vitum bara að þarna er hann að fara að gera mjög spennandi og óvenjulega hluti og verður í kjölfarið breyttur, ef ekki bara andlega. Þá vissum við að þarna væri gott efni í mynd og við settum allt annað sem við vorum að vinna við til hliðar til að einbeita okkur að þessu.“

Í aðalhlutverki myndarinnar verða Brandur og kærasta hans, Alma Ösp Árnadóttir, sem hann kynntist fyrir fjórum árum á Reykjalundi, en hún skapar, að sögn Loga, mikið af skemmtilegum augnablikum.

Raðfrumkvöðull

Brandur er kallaður framtíðarfræðingur eða raðfrumkvöðull. En hvað felst í því? „Í því felst að leita stöðugt að lausnum á óleystum vandamálum, svona í stuttu máli, og reyna að beita fyrirtækjastrúktúr á þessar lausnir,“ sagði Brandur. Hann hefur mikinn áhuga á ýmsum samfélagslegum álitaeftum og hefur til dæmis sérstakan áhuga á sjálfbærni. Í þessari ferð verður fókusinn á lausnir fyrir fatlaða og aldraða, en þeir hópar eiga margt sameiginlegt. „Draumurinn var alltaf að stofna vettvang þar sem fatlaðir gætu skapað sín eigin tækifæri. Það var svona hugmyndin, frekar en hefðbundnu lausnirnar þar sem er bara unnið út frá einhverju ákveðnu, eins og að plasta blöð eða búa til samlokur. Frumkvöðla- eða startup-heimurinn er nokkuð sem ég hef mikla trú á og tel að sé líklegastur til að skila okkur lausnum á þeim vandamálum sem kerfið okkar er ekki að standa sig í.“



VEISLUR


ÁRSHÁTÍÐIR

RÁÐSTEFNUR

SKEMMTISTAÐUR

MATSÖLUSTAÐUR

Ráin er alhliða veitingahús í hjarta Reykjanesbæjar





Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Þarna höfum við fullkomna hetju-sögu þar sem hetjan stígur út í óvissuna

Maður með dularfulla fortíð

Úti í Nepal mun hann leggja stund á endurhæfingu í samstarfi við mann að nafni Rahul sem hann kynntist þegar Rahul heimsótti Ísland og hélt hér námskeið. „Hann kom og gisti hjá okkur Ölmum á meðan hann var hérna og við náðum mjög vel saman. Ég var hins vegar svo upptekinn við önnur verkefni á þessum tíma að ég náði ekki að eyða jafn miklum tíma með honum og ég vildi.“

Rahul býr yfir mikilli þekkingu á bæði vestrænum og austrænum vísindum. Hann leggur meðal annars stund á heilun, hugleiðslu, thai chi og alls konar nuddaðferðir, þeirra á meðal thai-nudd. „Hann lærði það frá manninum sem er talinn vera upphafsmaður þess, en aðrir sem lærðu hjá sama manni eru töluvert eldri en hann, því Rahul byrjaði að læra nudd sjö ára og útskrifaðist sem nuddari aðeins níu ára,“ sagði Brandur. Að sögn Ölmur var æska Rahuls mjög óvenjuleg, en Brandur og Logi töldu rétt að fara ekki nánar út í það við blaðamann hvað í því fælist. Kannski að þeirri spurningu verði svarað í heimildamyndinni. „Hann hefur dularfulla fortíð,“ sagði Logi kíminn.

Finnur sársauka

„Það er ekkert rosalega langt síðan að vestræn læknavísindi viðurkenndu að taugafrumur vaxa eftir að maður verður fullorðinn. Það er hægt að örva vöxt þeirra með ýmsu móti. Þetta virðist vera meira í austrænum fræðum en þar eru notaðar studdar hreyfingar og sársauki sem er nú ekki í upphaldi hjá okkur. En ég hef fundið þegar verið er að klípa í fingurna á mér og á ákveðna staði, þá kemur eitthvert hreyfiviðbragð,“ sagði Brandur.

„Munurinn á tauga- og vöðvafrumum er sá að taugafrumurnar þurfa mun meiri örvun. Til að endurnýja vöðva þarf að gera æfingar kannski 2–3 í viku í 1,5 klukkustund í senn. Taugafrumurnar þarf helst að æfa 6–7 daga vikunnar og töluverðan tíma

hvern dag. Ég er að fara út til að takast á við þá vinnu. Það er talað um svona sex mánuði samfellt í þessari vinnu, til að hægt sé að sjá árangur,“ en Brandur mun halda meðferðinni áfram eftir að hann snýr aftur til Íslands. „Ég er bara spenntur að takast á við það.“

Út fyrir þægindarammann

„Ég er að reyna að yfirgefa svólítið þægindarammann. Þessi stóll sem ég er í núna er mjög þægilegur. Hinn er ekki þægilegur,“ sagði Brandur en stóllinn sem hann mun ferðast í er mun einfaldari en sá sem hann notast við hér heima.

Meðferðin sem Brandur fer í hjá Rahul er ólík því sem býðst hér heima. „Þetta eru allt öðruvísi æfingar og hreyfingar en það sem er í gangi hér. Þetta er sjúkrapjálfun sem er allt öðruvísi en er notuð í dag. Þetta eru í senn æfingar, hreyfingar og nudd; allt sem þessi maður kann í að meðhöndla fólk með mænuskaða. Hann er búinn að hjálpa mörgum með mænuskaða að fá meiri hreyfigetu, fólk hefur staðið upp úr hjólastólum og alls konar,“ sagði Alma.

Önnur sjónarmið

„Segja má að Brandur hafi notfært sér allt sem vestrænt heilbrigðiskerfið býður upp á en er samtímis opin og forvitinn um aðrar leiðir, eitthvað öðruvísi. Það sem við ætlum að komast að með myndinni er hvort eitthvað sé til í þessu og sjá hvort og þá hver árangurinn verður. Það er það sem áhorfendur verða forvitnir um,“ sagði Logi.

Endurhæfing er þó ekki eina markmið ferðarinnar. Brandur ætlar líka að kanna möguleika á samstarfi milli Íslands og Nepal. „Til að byrja með ætla ég að kanna möguleikana, meta og koma á opnu sambandi. Við höfum vissar lágmarksvæntingar um hverju það getur skilað af sér. Svo er ég með annan samstarfsaðila sem heitir Bishal. Hann stofnaði mjög spennandi fyrirtæki í Nepal sem hefur stækkað í gegnum árin og er núna að teygja sig yfir til Indlands og Srí Lanka. Hann er mjög

Alma, Logi, Christian og Brandur fara saman til Nepal.



spenntur fyrir þeim möguleika að sú lausn geti nýst Íslendingum líka,“ sagði Brandur.

„Þjónustan heitir Help At Home. Í Nepal, eins og víða í Asíu, er ekki heilbrigðiskerfi eins og við þekkjum það hér. Ef einhver veikist til lengri tíma er það fjölskyldan sem sér um viðkomandi. Þetta fyrirtæki kemur heim til fólks, með lækni, hjúkrunarfræðing og þjálfra fjölskylduna í að sjá um einstaklinginn. Hjálpa við að útvega nauðsynleg tæki, sjúkrarúm til dæmis, og hafa svo reglulegt eftirlit. Þetta fyrirkomulag gæti leyst það sem hjá okkur er alltaf leyst með því að henda fólki inn á spítala eða stofnanir. Svo kvarta allir yfir hvað stofnanir séu dýrar og illa rekna. Fjarlækningar eru framtíðin og vonandi getum við sparkað í rassinn á einhverjum hér heima til

að gera þær reglubreytingar sem þarf til að hægt sé að bæta þetta hér heima.“

Söfnun fyrir ferðinni

Ferðin hefur verið fjármögnuð að hluta. Brandur og teymið hans hafa fengið styrk frá RÚV og biðja svara frá Kvikmyndasjóði Íslands. Með fjármögnuninni skapast líka tækifæri til að vekja athygli á verkefninu sem og tækifæri til að gefa til góðgerðarmála, en hluti fjármagnsins mun renna til samtakanna Einstök börn á Íslandi og spítala í Nepal sem er sérhæfður í endurhæfingu fatlaðra barna. Söfnunin verður í gangi til 5. mars á indiegogo.com og eru lesendur hvattir til að kynna sér verkefnið.

Brandur benti blaðamanni á að þrátt fyrir að Nepal og Ísland virðist í fyrstu ekki eiga ýkja mikið sameiginlegt þá sé þó eitt sem er

áþekkt. „Ísland er á milli Ameríku og Evrópu og hefur lengi notið góðs af því að vera á milli tveggja öflugra efnahagssvæða. Nepal er svo á milli Indlands og Kína, tveggja vaxandi heimsvalda. Í Nepal hafa átt sér stað miklar pólitískar sviptingar sem hafa skapað ákveðin tækifæri. Mér þætti gaman að sjá hvort hægt sé að búa til brú milli Íslands og Nepal á þessum grunni. Við vonumst til að læra margt á ferðinni sem við getum nýtt til að setja á pressu um umbætur hér heima.“

Spennandi verður að sjá hvernig Brandi og félagum mun vegna í ævintýrum sínum í Nepal og það er deginum ljósara að Brandur býr yfir mikilli festu og veitir öðrum mikla andagift. ■

GIMLI
FASTEIGNASALA



LEIÐHAMRAR, 112 REYKJAVÍK
98.000.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Einbýli
280 M²
7



NAUSTABRYGGJA, 110 REYKJAVÍK
79.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi



Fjölbýli
184 M²
5



KRUMMAHÓLAR, 111 REYKJAVÍK
31.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Fjölbýli
101 M²
2



LÓNSBRAUT 6 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 551 7170 • SAETOPPUR.IS

SAKAMÁL



4 dögum eftir að hafa myrt aldraða foreldra sína, var dr. Idella Kathleen Hagen handtekin. Þann 22. ágúst, árið 2000, banaði Idella 92 ára móður sinni og 86 ára föður sínum með því að kæfa þau. Notaði hún plastpoka og koddá til verksins, en foreldrar hennar voru í fastasvefni þegar hún réðst til atlögu. Við réttarhöldin kom fram að Idella hefði þjádast af þunglyndi og að sögn tveggja lækna sem báru vitni hélt Idella að hún fengi skilaboð, meðal annars úr sjónvarpsauglýsingum, frá umferðarljósum og spilum. Idella ku einnig hafa heyrt rödd föður síns, sem skipaði henni að fremja morðin, því þannig myndu hún og foreldrar hennar fara til staðar þar sem hamingja ríkti. Idella var ekki talin sakhæf og dæmd til vistar á stofnun fyrir geðsjúka árið 2002.

BANVAENN BLEKKINGAR

■ Hjónaband Nadine og Joel var ekki traust ■ Blekkingar einkenndu tilveru Nadine ■

Eflaust má til sanns vegar færa að um helgarhjónaband hafi verið að ræða hjá frönsku hjónunum Joel og Nadine Baude. Þau bjuggu í Iville, þorpi skammt frá Rouen í Normandí-héraði.

Joel var slátrari með aðstöðu í úthverfi Parísar og þurfti að hefja störf í rauðabítid hvern virkan dag. Því hafði hann tekið á leigu stúdíóbúð skammt frá vinnustað sínum og kom heim um helgar.

Nadine var sjálfstæður sjúkrabifreiðarbilstjóri og réð tíma sínum nokkuð sjálf.

Fljótlega var ljóst að Nadine var full alvara með sambandinu og engu líkara en hún hefði fullkomlega gleymt þeirri staðreynd að hún hafði verið gift í tvo áratugi, eða þar um bil, og ætti 21 árs son.

Í rúmið með skjólstaðingi

Einn góðan veðurdag var Nadine fengin til að skutla manni að nafni Jacques Merlan til sjúkrahúsfjálfara. Jacques hafði lent í slysi á mótorhjól sínu og var í endurhæfingu. Þetta varð að vikulegum viðburði hjá Nadine og Jacques og á endanum fóru þau saman í rúmið.



Heimili Baude-fjölskyldunnar
Joel var lítið heima við vegna vinnu sinnar.

„Það sem þau ekki vissu, og kom ekki í ljós fyrr en við krufningu, var að Joel var ekki dáinn þegar hann varð eldhafinu að bráð.“

Fjórfaða í fasteign

Nadine sagði Jacques að hún hefði skilið fyrir 20 árum. Sonur hennar byggi enn hjá henni og hún væri ágætlega efnuð, þökk væri fjölskyldu hennar. „Svo, af hverju kaupum við ekki hús

saman. Ég verð ekki í vandræðum með að leggja fram helm-ing kaupverðsins?“ sagði hún við Jacques dag einn í apríl 2002.

Á næstu vikum skoðuðu þau hús saman og festu að lokum, í byrjun maí, kaup á einu sem



Nadine Baude
Blekkti bæði eiginmann sinn og ástmann.

hentaði. Kaupverðið var 230.000 evrur, Jacques borgaði 40 prósent og Nadine afganginn og notaði sitt eigið ættarnafn, Morel, þegar hún skrifaði undir kaupsamninginn.

Bakari finnur slátrara

Árla morguns sunnudaginn 5 maí, 2002, sá bakari á leið í vinnuna bíl í ljósum logum og hafði samband við slökkviliðið. Þegar búíð var að ráða niðurlögum eldsins kom illa brunnið lík Joels í ljós.

Áður en eiginleg rannsókn hófst skellti Nadine sér til Parísar. Síðar sagði hún að tilgangur fararinnar hefði verið að finna eiginmann sinn. Daginn eftir hafði hún samband við lögregluna. Sagði hún að eiginmaður hennar hefði komið heim í helgarbyrjun en síðan þurft að fara aftur til Parísar vegna vinnutengdra vandræða.

„Hann hefur ekki skilað sér heim,“ sagði hún og bætti við að hann hefði haft á sér 500 evrur í reiðufé og verið á bíl sonar þeirra.

Áverkar á líkinu

Það tók fimm daga að tengja brunna bílinn sem bakarinn ók fram á og hvarf Joels, því Nadine hafði ruglast á einum tölustaf í bílnúmerinu þegar hún gaf lög-

reglunni þær upplýsingar.

Fljótlega varð ljóst að Joel hafði ekki sest í bílinn sjálfur, staða hans mælti gegn því. Einnig bentu áverkar á líkinu til þess að hann hefði verið barinn.

Lögreglan ákvað að kanna lista yfir símhringingar Baude-fjölskyldunnar. Komu þá í ljós mikil samskipti Nadine við karlmann að nafni Jacques. Fannst lögreglunni tími til kominn að spjalla aðeins við Nadine og son hennar, Jerome.

Uppgjör í uppsiglingu

Í ljós kom að tveimur dögum áður en Nadine og Jacques tóku við nýkeyptu húsi sínu, hafði Nadine hringt í Jerome, sem þá var staddur ásamt kærustu sinni, í ónafngreindum þemagarði.

Það var laugardagur og Nadine vildi vara Jerome við því að faðir hans yrði hugsanlega í slæmu skapi þegar hann kæmi heim.

Jerome, sem vissi um ástmann móður sinnar, ákvað að brenna heim án tafar. Hann var mjög hendur að móður sinni og ósáttur við að faðir sinn hefði aldrei viljað heyra minnst á skilnað. Þegar þarna var komið sögu taldi Nadine nokkuð víst að innan tíðar myndi Joel komast að ótrygð hennar.

Hádegis tilboð
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa
brauð & Þorskspjót
2.850 kr

Sægreifinn
Geirsgötu 8 • 553 1500

BORG
BRUGGHUS




3 fórnarlamba Tiffany Hall voru ung börn; sjö, tveggja og eins árs. Tiffany myrta einnig móður barnanna, Jimellu Tunstall og ófætt barn hennar. Þannig var mál með vexti að Jimella, 23 ára vinkona Tiffany, gekk með barni og Tiffany vildi stela því úr móðurkviði. Í september, 2006, Tiffany barði Jimellu margsinnis í höfuðið með borðfæti og skar síðan barnið úr móðurkviði. Jimellu blæddi út og Tiffany henti líkinu á afskekktan stað. Þetta gekk ekki upp hjá morðkvendinu og síðar þennan dag hafði hún samband við neyðarlínu og sagðist hafa fætt andvana barn. Hún afbakkaði læknisskoðun. Premur dögum síðar heimsótti Tiffany barnsfóður Jimellu, sem hafði börn hans og Jimellu í sinni umsjá. Hún sagði honum að Jimella vildi að hún tæki börnin og færi með þau til hennar. Hún drekkti síðar börnunum í baðkeri. Kærasti Tiffany komst á snodir um þetta allt og hafði samband við lögreglu. Tiffany fékk lífstíðardóm 2008.



ARLEIKUR FRÚ BAUDE

Sonur þeirra blandaðist í málið



Joel Baude Komst að tvöföldu lífi eiginkonu sinnar.



Ástarhreidrið Húsið sem Nadine festi kaup á með Jacques.

„Skyndilega sneri Joel sér að eiginkonu sinni og sagði: „Ég veit allt kærastann þinn.““

1988, endað á spítala, illa haldinn eftir að hafa innbyrt einhvers konar eitruð lyf. Það kom honum í opna skjöldu, sagði hann læknum, því honum varð aldrei mis-

dægurt og tók engin lyf yfirhöfuð.

Fjórum sinnum að auki var farið með hann á spítala vegna kviðverkja sem, við nánari athugun, gerðu ávallt vart við sig eftir að

hann hafði borðað samloku sem Nadine hafði útbúið.

Til að stytta langa sögu skal upplýst að Jerome fékk 12 ára dóm og Nadine 25 ára dóm ■

Krytur í kjallaranum

Jerome kom heim klukkan níu þetta kvöld, og faðir hans renndi í hlað um hálf tíma síðar og var í besta skapi. Skyndilega sneri Joel sér að eiginkonu sinni og sagði: „Ég veit allt kærastann þinn.“

Andrúmsloftið breyttist snarlega og upphófust þrætur þar sem Jerome stóð með móður sinni.

Rifriði Joels og Jeromes barst niður í kjallara og að sögn Nadine fór hún niður og sá þá Joel liggjandi á gólfinu. Hún hefði þreifað eftir pulsi en engan fundið.

Eiginlega sjálfsvörn

Við yfirheyrsluna hafði Nadine á orði að Joel hefði verið afar ofbeldisfullur þegar hann kom heim þetta kvöld, svo mjög að ekki væri í reynd um morð að ræða, heldur sjálfsvörn. Þau hefðu farið í kerfi og ekki hringt í lögregluna af þeim sökum.

Klukkan tvö um nóttina hefðu þau farið hvort á sínum bílnum að skógi í um 30 kílómetra fjarlægð frá Iville. Joel hefðu þau sett í bíl Jeromes og bensínbrúsa að auki. Í skógarjaðrinum hellti Jerome bensíni yfir bílinn sinn og bar eld að.

Brenndur lifandi

Það sem þau ekki vissu, og kom ekki í ljós fyrr en við krufningu, var

að Joel var ekki dáinn þegar hann varð eldhafinu að bráð.

Síðan keyrðu þau heim til Iville þar sem Nadine fór úr bílnum en Jerome fór í þemagarðinn. Kærasta Jeromes staðfesti að hann hefði horfið um kvöldið og komið aftur þegar langt var liðið á nóttina. Hún sagði enn fremur að mikil reykjarlykt hefði verið af honum. Hún sagði að Jerome hefði sagst hafa grillað með foreldrum sínum og því væri reykjarlykt af honum.

Jacques kemur af fjöllum

Það er skemmst frá því að segja að Nadine var síðar handtekin og var hún hjá Jacques þegar lögregluna bar að garði. Jacques kom af fjöllum þegar hann komst að því að Nadine væri ekki fráskilin og að eiginmaður hennar hefði komið heim um helgar. Að eiginmaður hennar væri dáinn kom honum ekki á óvart, aðeins að það væri nýskeð. Nadine hefði sagt honum mörgum dögum fyrr að „fyrirverandi“ maður hennar hefði fundist látinn í bíl sínum með brottinn háls.

Kemur Jacques ekki meira við sögu hér.

Tíðir kviðverkir

Rannsókn lögreglunnar leiddi enn fremur í ljós að Joel hafði, árið

Erfidrykkja


KAFFIHLAÐBORÐ ÝMSAR ÚTFÆRSLUR, PINNAMATUR, SMURT BRAUÐ, TERTUR, O.FL. FYRIR ERFIDRYKKJUNA HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Afgreitt á einnota fötum tilbúið á borðið

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Helgarkrossgátan



krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	↓	tré	vistarvera	Teikning: BS eftirprentun bönnuð	umfang	Hofundar- rettur skilyrtur.	samdar	↓	farvegur	tötrar
stuna				sjá		1		gól tvíhljóði		
nærast						seglbúnað				
muldur				kynið vakinn					ella	
		gnauð snauð				7		goggur		
ákveð						litaða fiskur	2			
er					brall í bauk	stappa	áverki			
kámost								10	tyggjast	öskur
öðlast	4		ytra karldýrin					kona	8	
sáðland					huglausa	einar til				
	svar	verkfærið		úrræði				dýrahljóð vikur		
kámaða						sleikja 3 eins	6			vökvi
eyktarmark				sef				2 eins aðförin		
skjögrar						glæða duglega				
	kappnæga		slælega	5	sansar fífl				nef	3
farveginn								púki útkjálki		
		utan		stoppa brambolt						2 eins
prjónninn						tindur				
álpaðist						kvendýrið		9		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

9		2	4					6
				9	6		4	
4		6			5		9	1
	9	4	8		1		7	
	8			2		1		9
6			7			8		
	6		9	4	8		3	5
	2	9					6	
8				6			1	

Erfið

		4		3	2			
	5		7			1	9	
			1		5			4
2								
	7	6					3	
		1	5			9		
	8					2		
9		3	6					
			4					8

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ


Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Bryndís Hauksdóttir

Lausnarorðið var **YFIR ESJUNA**

Bryndís hlýtur að launum

bókina Sálumessa



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn **Heltekin**

Nora Lawrence fer að heimsækja Rachel systur sína sem býr í litlu þorpi nálægt Oxford. Enginn tekur á móti henni á lestarstöðinni – og þegar hún kemur í hús systurinnar finnur hún blóði drifid lík hennar á stofugólfinu.

Nora treystir lögreglunni ekki til að finna morðingjann og verður heltekin af því að leita hann uppi. Hún er viss um að morðið tengist hrottalegri líkamsárás sem Rachel varð fyrir mörgum árum áður. Leyndarmál fortíðarinnar koma smám saman í ljós og Nora kemst að því að hún þekkti systur sína ekki eins vel og hún hafði haldið.

Flynn Berry stundaði nám í skapandi skrifum við Michener-rithöfundamiðstöðina við The University of Texas í Austin. Hún hlaut Edgar-verðlaunin 2017 fyrir bestu fyrstu skáldsöguna, *Under the Harrow*. Bókin var valin ein af tíu bestu glæpasögum ársins af The Washington Post.

Hermann Stefánsson þýddi.

12 ára afmæli Castello

17. - 21. febrúar

72
ÁRA

Allar stórar pizzur
á matseðli á 1890 kr.

*gildir bara ef sótt

fyrstu 200 pantanir
fá fría 2 l af kók með

72
ÁRA

72
ÁRA



ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR

SÍMI 577 3333

WWW.CASTELLO.IS

Pantaðu á netinu
castello.is

Castello
PIZZERIA

Hvað varð um Eurovision-stjörnurnar?

Margar af skærustu stjörnum íslenskrar tónlistar hafa orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá á að standa stóra sviðinu í Eurovision. Á keppnina sjálfa horfa um 180 milljón manns ár hvert og keppnin því kjörið tækifæri til að koma sér á framfæri. Það er mismunandi hvernig fólk nýtir þetta tækifæri og sumir hverfa einfaldlega úr sviðs-ljósinu eftir keppnina.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Lítill skref í tónlist og leiklist

Sumir urðu gáttaðir þegar Íslendingar völdu ekki lagið í síðasta skipti í flutningi Friðriks Dórs sem framlag Íslands árið 2015. Í staðinn sigraði lagið Lítill skref, eða Unbroken, flutt af Maríu Ólafsdóttur. Lagið komst ekki upp úr riðlakeppninni í Víðarborg.

Síðan þá hefur Lítill frést af Maríu sem er 25 ára gömul. Hún hefur ekki sagt skilið við tónlistina og gaf frá sér lagið Hækka í botn síðasta sumar. Þá hefur hún einnig reynt fyrir sér í leiklistinni og meðal annars leikið Ronju ræningjadóttur hjá Leikfélagi Mosfellssveitar.



Í óperuhallir Ítalíu

Halla Margrét Árnadóttir tók þátt í Eurovision fyrir Íslands hönd árið 1987 en þá voru Íslendingar enn í áfalli yfir gengi Gledibankans. Hún söng angurvært lag Valgeirs Guðjónssonar, Hægt og hljótt.

Halla er óperusöngkona og flutti til Ítalíu nokkrum árum eftir Eurovision. Þar hefur hún búið í meira en aldarfjórðung og giftist ítölskum manni. Íslendingar hafa ekki orðið hennar varir, svo orð sé á gerandi, en hún hefur sungið í stórverkum á borð við Tosca og Cavalleria Rusticana.



Rólegra líf

Ingibjörg Stefánsdóttir var stór stjarna á Íslandi á tíunda áratugnum. Hún lék meðal annars aðalhlutverk kvikmyndarinnar Veggfóður: Erótísk ástarsaga sem út kom árið 1992. Ári síðar flaug hún til Írlands til að syngja lagið Þá veistu svarið í Eurovision.

Eftir þetta lék Ingibjörg í kvikmyndinni Nei er ekkert svar, sem fékk bagalega dóma, og frægð hennar fölnaði hratt. Síðan þá hefur hún einbeitt sér að rólegri hlutum, nefnilega jóga. Árið 2005 stofnaði hún stöðina Yoga Shala í Skeifunni og rekur hana enn.



Færði sig í bakraddinnar

Árið eftir að Einar Ágúst tók þátt í Eurovision var kominn tími á aðra Skímó-stjörnu, Gunnar Ólason. Með honum söng Kristján Gíslason lagið Birtu eða Angel eins og það hét á sviðinu í Kaupmannahöfn. Tvíeykið kallaði sig TwoTricky og starfaði saman í tvö ár eftir Eurovision.

Margir hafa velt fyrir sér hvað varð um þennan Kristján sem er Sauðkrækjngur að uppruna. Líklegt er að þeir hafi séð hann án þess að átta sig á því, því að hann hefur sungið í bakröddum í Eurovision síðan. Fyrst hjá Heru Björk í Ósló árið 2010 og síðan hjá Eypóri Inga í Malmö þremur árum síðar. Kristján er grafískur hönnuður og starfar hjá VÍS.



Syngur í rokkkór

Framlag Íslands til Eurovision-keppninnar árið 2000 var lagið Tell me! í flutningi Einars Ágúst Vídissónar og Telmu Ágústsdóttur. Allir muna eftir Skímó-stjörnunni og hvíta pilsinu hans, en hvað varð um Telmu?


Telma, sem er dóttir Ágúst Atlasonar úr Ríó Trío, var á þessum tíma söngkona hljómsveitarinnar Spur. Hún varð stjarna á einni nóttu með þáttökunni, en hvarf jafn harðan úr sviðsljósinu. Hún starfar nú hjá Isavia en hefur hins vegar ekki alveg sagt skilið við tónlistina. Til að mynda syngur hún með Rokkkór Íslands.

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarir á varahlutum.



Castello býður til afmælisveislu: Gómsætt og girnilegt í 12 ár

Pað er ekki sjálfgefið að veitingastaðir haldi velli í harðri samkeppni, en veitingastaðir Castello fagna núna 12 ára afmæli. „Þetta hefur verið frábær tími með frábæru starfsfólki sem hefur unnið hjá okkur í mörg ár, sumir frá upphafi,“ segir Armend, eigandi staðanna.

Castello heldur upp á afmæli dagana 17. til 21. febrúar og verða þá ýmis spennandi tilboð á boðstólum. Vinsældir Castello hafa verið miklar í gegnum árin allt frá opnun árið 2007. „Við opnuðum Castello fyrst í Kópavogi árið 2007 og tveimur árum síðar opnuðum við annan stað í Hafnarfirði til þess að anna eftirspurn, enda stækkaði kúnnahópurinn hratt,“ segir Armend sem rekur staðina tvo með bróður sínum Dardan. Staðirnir eru að Dalvegi 2 í Kópavogi og Dalshrauni 13 í Hafnarfirði.

Castello-staðirnir eru þekktir fyrir framúrskarandi eldrikaðar pítsur, þar á meðal hina vinsælu kebabpítsu, Dolce eftirréttapítsu, frábærar ostastangir, kanilbát, súkkulaðihálfmána og margt fleira.

Kebabpítsan kom á markaðinn í haust og hefur slegið í gegn. „Pítsan er með pítsusósu, osti, jalapeño, kebabsósu, fersku jöklaalatí og

kebabkjöti. Hægt er að fá ýmist kjúkling eða lamb á pítsuna og erum við að nota sama kjöt og í kebabréttina okkar. Þessar eru alveg svakalega góðar, bæði ferskar og djúsi,“ segir Armend.

Safarikir hamburgarar og sætar eftirréttapítsur

„Þess má geta að við erum með sjúklega djúsi og ljúffenga 140 gramma hamburgarar sem hamburgarameistarinn okkar töfrar fram af sinni einstöku list. Þetta eru fyrsta flokks borgarar úr hágæða nautahakki með góðu brauði og öllu tilheyrandi,“ segir Armend.

„Einnig erum við með kanilbát með kanilsykri og súkkulaðibát með karamellu og súkkulaði. Þetta eru niðurskornir hálfmánar sem bornir eru fram með ýmist glassúr, karamellusósu eða súkkulaðisósu,“ segir Armend. Að auki bætti Castello nýlega við ostastöngum á matseðilinn og eru þær vægast sagt guðdómlegar.

Castello-staðirnir eru opnir sunfim frá 11.00–23.00 og fös–lau frá 11.00–23.30. Pöntunarsími er 577-3333. Netfang er castello@simnet.is



ÞAU GIFTA SIG Á ÁRINU

Ástin blómstrar á árinu og fjölmörg pör hafa ákveðið að gifta sig í sumar, fræga fólk þar á meðal. Tónlistarfólk, íþróttastjörnur, fjölmiðlafólk og samfélagsmiðlastjörnur. Hér eru fræg pör sem hyggjast hætta að lifa í synd árið 2019.



MIKLAR BREYTINGAR HJÁ SÓLRÚNU OG FRANS

Tími mikilla breytinga er þessa stundina í lífi samfélagsmiðlastjörunnar Sólrúna Diego. Hún er þekkt fyrir að gefa þrif- og húsráð á Snapchat og gaf út metsölubók fyrir þar síðustu jól. Hún hefur nú ákveðið að segja skilið við

Snapchat og beina kröftum sínum að Instagram. Þá eru líka breytingar á hennar einkahögum. Hún og unnusti hennar, Frans Veigar Garðarsson, eru að flytja í stórt hús í Mosfellsbænum og ganga í hnapphelduna í sumar.

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

SÖNGSTJÖRNUR GIFTAST



Söng- og turtildúfurnar Salka Sól Eyfeld og Arnar Freyr Frostason ákváðu, sumarið 2017, að gifta sig. Þau urðu fræg hvort í sinni hljómsveitinni, Salka með reggíbandinu Amabadama og Arnar með rappsveitinni Úlfur Úlfur, og kynntust á tónleikum. Salka greindi frá trúlofuninni á Instagram-síðu sinni: „Þessi spurði mig hvort ég vildi verða eiginkonan hans og ég sagði hell yeah bro!“

FRAUS Í BÓNORÐINU

Knattspyrnustjarnan Gylfi Þór Sigurðsson, sem leikur með Everton í Englandi, sagði í helgarviðtali í DV síðastliðinn nóvember að hann hefði lengi ætlað sér að biðja Alexöndru Helgu Ívarsdóttur. Tók hann loks af skarið við matarborðið þar sem þau voru í frí á Bahamaeyjum.

„Ég hef aldrei verið jafn stressaður á ævinni. Ég var búinn að fela hringinn og var með hann í rassvasanum.“

Gylfi fraus í bónorðsræðunni sjálfri sem hann hafði undirbúið, en náði að bjarga sér með nýrri sem hann spann á staðnum. „Hún sagði alla vega já,“ sagði Gylfi.



ÓGLEYMANLEG STUND Í HÁSKÓLABÍÓI

Hin eina sanna Tobba Marinós, fjölmiðlakona og metsöluhöfundur, brast í grát þegar hennar heittelskaði Karl Sigurðsson bað hennar í desember. Karl gerði það í Háskólabíói á hinum víðfrægu jólatónleikum hljómsveitar hans, Baggalúts, þar sem fjöldi gesta fylgdist með. Undir lok tónleikanna sagði hann:

„Við erum allir ráðsettir menn og giftir, nema einn, svo ég var að spá: Tobba, viltu giftast mér?“

Tobba sagði já og kyssti verðandi eiginmann sinn. Fagnaði allur salurinn vel og innilega.



Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum

Verð frá **58.500 kr.**

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPORP
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI,
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**





Lítt þekkt ættartengsl

Rokkarinn og fréttamaðurinn

Helgarblaði DV er rætt við Aron Leví Beck sem kynntist blóðföður sínum átján ára eftir fadernispróf. Hann er Rúnar Þór Pétursson tónlistarmaður sem Íslendingum er að góðu kunnur. Rúnar hefur verið í bransanum um áratuga skeið, gefið út lager af sólóplötum og leikið með hljómsveitum eins og Trap og Klettum.

Yngri bróðir Rúnars er fréttamaðurinn Heimir Már Pétursson sem Íslendingar þekkja meðal annars úr stjórn-málaþættinum Víglinunni og áramótaþættinum Kryddsið. Heimir var áður virkur í stjórn-málum og gegndi meðal annars stöðu framkvæmdastjóra Alþýðubandalagsins.

Heimir Már hefur samið texta fyrir stóra bróður sinn og fylgdi honum út til London til að taka upp plötu í hinu virta hljóðveri Abbey Road.



Kunna KR-ingar ekki íslensku?

Engum dylst að KR-ingar eru góðir í körfubolta. Þeir eru eitt sigursælasta liðið í karladeild og hafa nú unnið fimm Íslandsmeistararitla í röð. Hefur félagið nú til sölu bolla eða krúsir sem stuðningsmenn félagsins geta keypt til að monta sig af þessum árangri.

Athyglisvert er hins vegar að þetta fornfræga félag geti ekki auglýst krúsirnar á íslensku. Heita þær „Íslandsmeistara KR mug“ sem er undarlegur bræðingur af íslensku og ensku.

Ástæðan fyrir þessu er ekki kunn enn sem komið er. Er félagið að reyna að höfða til yngri kynslóðarinnar sem er orðin hálfvítýngd nú þegar? Eða kunna forsvarsmenn félagsins ekki okkar ástkæra ylhýra?

Sviðin jörð eiganda Procar: Fékk milljarða í lán frá Íbúðalánasjóði

Mál vikunnar var umfangsmikið og þaulskipulagt svindl sem bílaleigan Procar stóð fyrir og upplýst var um í fréttaskýringarþættinum Kveik á RÚV. Meirihluta eigandi félagsins er Haraldur Sveinn Gunnarsson, gjarnan kallaður Harry, og þegar skyggst er bak við tjöldin má sjá að viðskiptasaga hans er skrautleg í meira lagi.

Haraldur Sveinn var einn af stofnendum Fasteignafélags Austurlands ehf. Félagið fékk milljarða króna lán hjá Íbúðalánasjóði til uppbyggingar á Austurlandi. Í árslok 2007 átti Haraldur Sveinn félagið ásamt

viðskiptafélaga sínum Ágústi Benediktssyni. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð kom fram að á sama tíma og félagið fékk 1,5 milljarða lán frá Íbúðalánasjóði árið 2007 var eiginfjárlutfall þess aðeins um 2%. Reglur sjóðsins kváðu þó um að lágmarkið væri 10% eiginfjárlutfall.

Félagið sem fékk lánað frá Íbúðalánasjóði gerði svo samninga við félagið Byggingarverktakar Austurlands ehf. sem var í eigu sömu aðila, um byggingu fjögurra, sex hæða fjölbýlishúsa á Reyðarfirði á árunum 2004-2007. Á árunum 2007 til

2009 lækkaði verð á íbúðum á Austurlandi um 21% og fasteignafélaginu blæddi út. Á sama tíma gekk verktakafyrirtækinu allt í haginn og gátu eigendurnir greitt sér út 430 milljónir króna í arð út úr því.

Félögin sameinuðust svo undir nafni Fasteignafélags Austurlands ehf. í lok árs 2007. Félagið var svo úrskurðað gjaldþrota árið 2011 og sat Íbúðalánasjóður uppi með 2,2 milljarða króna skuld og gríðarlegan fjölda íbúða á erfiðu markaðssvæði. Haraldur Sveinn ávaxtaði svo sitt pund með því að skella sér út í bílaleigubransann. ■



dk iPos snjalltækjalausn fyrir verslun og þjónustu

Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

